



**Framtíðin er í lit**  
 Höfum tekið í notkun hágeða Xerox laser lítprentara  
 Nánari upplýsingar í síma 456 4560

**H-PRENT**



Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu





**Afgreiðsla**  
 Landsbankans  
 í Neista er opin  
 fimmtudaga og  
 föstudaga  
 frá kl. 16-18  
 Sími 410 8119



Landsbankinn  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 11. maí 2005 · 19. tbl. · 22. árg.

**Sindraberg**

**Starfsemi-  
in stöðvast  
í níu vikur**

Sumarstopp sushiverk-  
smiðjunnar Sindrabergs á  
Ísafirði verður heldur  
lengra en gert hafði verið  
ráð fyrir. Aætlað hafði verið  
að stöðva framleiðslu í  
fimm vikur yfir sumarleyf-  
istímann, en útlit er fyrir  
að stoppið verði níu vikur.  
„Við höfum verið að  
safna birgðum og salan  
hefur verið að minnka, sér-  
staklega í smásölu. Þó  
standa vonir til þess að nýr  
markaður sé að opnast í  
Sviss“, segir Elías Jóna-  
tansson, framkvæmda-  
stjóri Sindrabergs. „Við  
viljum ekki framleiða til  
þess eins og hafa birgðir á  
lager. Það er óhagkvæmt  
fyrir okkur að draga úr  
afköstum með því t.d. að  
fækka starfsfólki. Það er  
heldur skárra að safna  
birgðum og lengja í sumar-  
stoppinu.“

Framleiðsla stöðvast um  
næstu mánaðamót og  
reiknar Elías ekki með að  
hún hefjist aftur fyrir en um  
miðjan ágúst. „Við höfum  
ráðgert 5 vikna sumarstopp  
en við það bætast nú 4 vik-  
ur, nema eitthvað breytist  
með pantanir. Með þessu  
erum við að bregðast við  
markaðsaðstæðum.“



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða.

**Aðalfundur Orkubús Vestfjarða hf., var haldinn í síðustu viku**

# Töluvert minna tap en gert hafði verið ráð fyrir

Orkubú Vestfjarða hf. var rekið með 18 milljóna króna tapi á síðasta ári. Samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir 121 milljóna króna tapi. Þetta kom fram á aðalfundi Orkubúsins sem haldinn var í síðustu viku. Rekstrartekjur félagsins voru tæpar 1.036 milljónir króna á síðasta ári, en þar af var raforkusala 696 milljónir króna og sala á heitu vatni nam um 312 milljónir króna. Rekstur raforkukerfis-

ins kostaði 516 milljónir króna, rekstur hitaveitukerfisins kostaði 114 milljónir króna og sameiginlegur kostnaður var 225 milljónir króna. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og vexti var því 180 milljónir króna í stað 211 milljóna króna á árinu 2003. Afskriftir síðasta árs voru 244 milljónir króna í stað 316 milljóna króna árið áður. Fjármagnstekjur ársins voru 23 milljónir króna og varð því

tap af reglulegri starfsemi félagsins 41 milljón króna. Þá felldi Ríkissjóður Íslands niður víkjandi lán að upphæð 23 milljónir króna sem var til komið vegna kaupa félagsins á Hitaveitu Reykhólahrepps árið 1996. Á félaginu hvíla líffeyrisskuldbindingar að upphæð 308 milljónir króna, langtímaskuldir voru í árslok 2,3 milljónir króna og skammtímaskuldir voru 126 milljónir króna. Veltufjármunir voru í

árslok 671 milljón króna og eigið fé félagsins í árslok var 4.082 milljónir króna. Í ársreikningnum kemur fram að laun stjórnar á síðasta ári námu 2,9 milljónir króna og laun orkubússtjóra voru 11,4 milljónir króna. Laun þriggja framkvæmdastjóra félagsins námu 23,3 milljónum króna og þóknun til endurskoðanda var 1 milljón króna. Stjórn félagsins var endurkjörin. - hj@bb.is

# Erfiður rekstur Sumarbyggðar í Súðavík

Sumarbyggð ehf. í Súðavík sem á og rekur sumarhús í gömlu Súðavík var rekið með rúmlega 3 milljóna króna tapi á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársreikningum félagsins sem kynntir voru á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps í síð-

ustu viku. Sveitarstjóra hefur verið falið að óska eftir hluthafafundi í félaginu og leggja þar til að hlutafé verði aukið um 10 milljónir króna. Rekstrartekjur félagsins voru á síðasta ári tæpar 3,9 milljónir króna. Laun og

launatengd gjöld voru 1,4 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður nam 3,1 milljón króna. Afskriftir námu 546 þúsundum króna og fjármagnsgjöld voru 1,8 milljónir króna. Tap ársins varð því rúm- ar 3 milljónir króna. Á árinu

2003 var tapið rúmar 2,2 milljónir króna. Skammtíma- skuldir félagsins voru í árslok tæpar 3,2 milljónir króna og langtímaskuldir tæpar 14,2 milljónir króna. Veltufjármun- ir voru í árslok 172 þúsund krónur. Í árslok var eigið fé

félagsins orðið neikvætt um tæpar 4 milljónir króna. Stærstu hluthafar í Sumarbyggð ehf., í Súðavík eru Súðavíkurhreppur með 55, 15% og Byggðastofnun með 23,35% hlutafjár. - hj@bb.is

**úrval**

**Samkaup**

**OPIÐ:**  
 virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21  
 Verið  
 velkomin!

**Samkaup** úrval

**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**EIMSKIP er...**

Íslændi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, loft- og flugflutningi, vörudrögingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur metnaður bæði starfsmanna og félagsins að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

**EIMSKIP**

Höfuðstöðvar: 104 Reykjavík, Sími 525 1000 Fax 525 1009 www.eimskip.is




Tómas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands

# Komið getur til rýmingu húsa í Holtahverfi þrátt fyrir varnarmannvirkin

Tómas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands sem unnið hefur að snjóflóðahættumati fyrir Ísafjörð segir að þrátt fyrir að þvergarður sá sem hannaður hefur verið ofan byggðar í Holtahverfi muni rísa þá megi áfram gera ráð fyrir að til rýmingar geti komið í hverfinu. Hann segir að garðar þeir sem reistir hafa verið á Íslandi hafi síst verið of stórir. Aldrei hefur þurft að grípa til rýmingu húsa í Holtahverfi frá því að hverfið var byggt. Eins og kunnugt er hefur verið lögð fram tillaga að matsátætlun fyrir snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir gerð þvergarðs ofan fjölbýlishúsanna í Stórholti og einnig er gert ráð fyrir uppsetningu stoðvirkja í Bröttuhlíð sem eiga að verja Kjarrholt. Framkvæmdir munu hafa gríðar-

leg áhrif á útlit Kubbands og valda miklu raski á framkvæmdatímanum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar kosti um 500 milljónir króna, þar af þarf Ísafjarðarbær að greiða 50 milljónir.

Óhætt er að segja að umfang framkvæmdanna hafi komið flestum íbúum á Ísafirði á óvart og hafa ýmsir efast um réttmæti þeirra svo og þær forsendur sem unnið var eftir við hönnun þeirra. Sigurður Sveinsson á Góustöðum hefur meðal annars lýst efasemdum um snjóflóð sem getið er um í forsendum fyrir hönnun mannvirkjana. Einn þeirra sem unnu við gerð hættumats í Holtahverfi er Tómas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands. Hann starfar meðal annars við snjóflóðavakt Veðurstofunnar. Aðspurður segir Tómas að al-



Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum framkvæmdum í Kubbanum.

drei hafi verið gripið til rýmingar húsa í Holtahverfi frá því að hverfið var reist á áttunda áratug síðustu aldar en hins vegar hafi starfsmenn snjóflóðavaktarinnar nokkrum sinnum haft áhyggjur af svæðinu.

„Staðreyndin er nú sú að það kemur mjög sjaldan upp snjóflóðahætta á þessu svæði því hún skapast eingöngu í mikilli snjókomu í suðlægum áttum. Hins vegar standa hús þarna mjög nærri fjallinu og ef þarna hreyfir hinn minnsta snjófleka þá er hann kominn um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa. Þetta er því einn af þeim stöðum sem snjóflóðavaktin hugsar um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa. Þetta er því einn af þeim stöðum sem snjóflóðavaktin hugsar um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa. Þetta er því einn af þeim stöðum sem snjóflóðavaktin hugsar um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa.“

„Staðreyndin er nú sú að það kemur mjög sjaldan upp snjóflóðahætta á þessu svæði því hún skapast eingöngu í mikilli snjókomu í suðlægum áttum. Hins vegar standa hús þarna mjög nærri fjallinu og ef þarna hreyfir hinn minnsta snjófleka þá er hann kominn um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa. Þetta er því einn af þeim stöðum sem snjóflóðavaktin hugsar um leið niður að þeim húsum sem næst fjallinu standa.“

Eins og fram hefur komið eru flóðin sem heimildir eru fyrir á þessu svæði frekar lítil ef miðað er við snjóflóð á öðrum stöðum. Aðspurður hvort mannvirkin sem nú hafa

verið hönnuð séu ekki mun stærri en þörf er á segir Tómas svo ekki vera. „Mannvirkin eru hönnuð í ljósi þeirra flóða sem sagnir eru um að hafi fallið þarna. Það er svo afstætt hvornig menn meta stærð mannvirkja. Í samburði við hús eru mannvirki sem þessi tröllvaxin. Í samburði við fjöllin sem flóðin renna úr eru þetta frekar smávaxin mannvirki. Það sést best þegar staðið er við mannvirkin á Flateyri annars vegar og hins vegar þegar uppá fjallið er komið. Mannvirkin á Flateyri eru ekki stór ofan af fjöllum séð. Það er besta sjónarhornið til þess að meta stærð mannvirkja af þessari gerð. Frá því að garðurinn var gerður á Flateyri hafa fallið á hann flóð sem benda til þess að hann sé síst of stór. Sömu sögu er að segja af garðinum fyrir ofan sorpbrennslustöðina Funa í Engidal“, segir Tómas.

Miklar veðurfarsupplýsingar eru til staðar langt aftur í tímann á Íslandi. Aðspurður hefur oft slíkar aðstæður hafa skapast að snjóflóðahætta hafi myndast í Holtahverfi segir Tómas það vara mun sjaldnar en til dæmis í Seljalandshlíðinni svo einhver samburður sé nefndur. „Allra verstu aðstæður eru sennilega í Seljalandshlíðinni þar sem engin hús eru fyrir utan Seljalandsbæinn. Þar hafa oft fallið flóð í sjó fram. Síðan eru svæði þar sem eru hættulegar brekkur

og snjóflóðahætta skapast þrátt fyrir að ekki sé til staðar hefðbundið gil. Þessar aðstæður eru til dæmis fyrir ofan Seljalandshverfið en þar falla flóð mjög sjaldan. Í Holtahverfinu er hins vegar ekki verið að gera ráð fyrir jafnþykkum brotfléka og fyrir ofan Seljalandshverfið. Það hafa fallið flóð á hús í Holtahverfinu og það tók einnig með sér bíl nokkra tugi metra. Okkur finnst því að þau flóð sem féllu á árunum í kringum 1980 séu ekki einstakur viðburður heldur geti slíkt flóð fallið aftur og þá hugsanlega mun stærri. Þannig eru okkar forsendur og þess vegna eru varnarmann- aðar“, segir Tómas.

Eins og áður sagði eru þessar snjóflóðavarnir gríðarleg mannvirki sem eiga eftir að hafa mikil áhrif á umhverfi. Það hefur líka komið fram að mjög sjaldgæft er að ofan Holtahverfis skapist snjóflóðahætta. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir rýmingu húsa sem valkosti í lögum um snjóflóðavarnir. Tómas segist ekki líta á það sem mistök að slíkur valkostur sé ekki fyrir hendi. „Snjóflóð eru svo ofboðslega kraftmikil náttúruyrirbrigði að rýmingar eru að mínu mati sé nefndur. „Allra verstu aðstæður eru sennilega í Seljalandshlíðinni þar sem engin hús eru fyrir utan Seljalandsbæinn. Þar hafa oft fallið flóð í sjó fram. Síðan eru svæði þar sem eru hættulegar brekkur

rýmingar húsa undir gördunum og þannig verður það í Holtahverfinu en trúlega ekki nema í allra verstu aðstæðum. Þrátt fyrir að vel hafi tekist til með rýmingar í vetur t.d. í Hnífsdal þá getum við ekki treyst á slíkt því við verðum alltaf að gera ráð fyrir óvæntum atburðum“.

Tómas segir þá staðreynd, að hugsanlega geti komið til rýmingar húsa undir þvergördum, hafa verið kynnta fyrir íbúum á svæðum þar sem varnir hafa verið reistar. „Fram til þessa hafa 11 flóð fallið á varnargarða á landinu. Smám saman skapast ákveðin reynsla af þeim sem hjálpar til í okkar störfum. Við höfum hins vegar ekki ennþá gripið til rýmingar húsa undir þeim gördum sem reistir hafa verið. Við gerum þó ráð fyrir því að til þess geti komið. Það er ekki útreiknannlegt eftir veðri, vindum og snjóalögum hversu stórt flóð getur fallið og hvornig það fellur. Því byggir hönnun svona mannvirkja á öðru mati en t.d. við hönnun brúarmannvirkja. Hér verða menn því að meta þessa hluti á huglægan hátt þannig að rökkræða um þessi mál verður erfið. Það er erfið að rökkræða hvort garður á að vera 17 eða 18 metrar. Það verður á endanum huglægt mat hönnuða. Sagan hefur sannað að þessi garðar hafa ekki verið of stórir hingað til“, segir Tómas Jóhannesson.

– hj@bb.is



Sindragötu 5 • 400 Ísafirði • Sími 456 5079

## Atvinna í boði

### Starfsmaður á skurðarvél

Óskum eftir að ráða starfsmann á skurðarvél. Viðkomandi þarf einnig að hafa umsjón með hráefnisvinnslu. Hæfniskröfur eru góð tölvukunnátta og enskukunnátta er skilyrði. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af Autocad. Þarf að vera skipulagður og sjálfstæður.

### Málmiðnaðarmenn

Óskum eftir að ráða málmiðnaðarmenn. Hæfniskröfur eru að viðkomandi hafi menntun og/eða reynslu á sviði málmiðnaðar, en reynsla af smíði úr ryðfríu stáli er kostur. Áhersla er lögð á nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, reglusemi og árverkni í hvívetna.

### Verkamann

Einnig vantar verkamann til starfa í glerblástursklefa ásamt því að vinna við framleiðslu.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jakob Tryggvason (jakob@3x.is) eða á faxi 456 5479. Vinsamlegast sendið ferilskrár ásamt meðfylgjandi gögnum á framangreint netfang eða faxnúmer.



## Líflegt á fasteignamarkaðinum á Ísafirði

# Aukin eftirspurn og hækkandi verð á stærri eignum

Mikið líf hefur verið á fasteignamarkaðinum á Ísafirði að undanförunu og hefur framboð aukist og verð stærri eigna hækkað mikið.

„Fyrir hálfu öðru ári hefði maður nú ekki átt von á þessu.

Þá seldist lítið, en nú er svo komið að það vantar eignir á skrá. Verð stærri eigna eins og einbýlishúsa, raðhúsa og stærri íbúða, hefur hækkað töluvert að undanförunu, um svona 15-20%“, segir Tryggvi

Guðmundsson, fasteignasali á Ísafirði.

Hann segist vissulega ánægður með aukna eftirspurn og hækkandi verð. „Svo maður tali með hagsmuni heimamanna í huga, þá var nú alveg

orðið tímabært að verðið hækkaði. Við höfum setið ótrúlega mikið eftir miðað við Reykjavík og aðra landshluta. Ég vil bara skora á þá sem eru í söluhugleiðingum að drífa sig, því nú er mikil eftirspurn.“

## Haldór rökastur íslenskra ræðara



Ísfirðingurinn Haldór Sveinbjörnsson var rökastur íslenskra ræðara í keppni um Reykjavíkurbíkarinn í kajakróðri á sunnudag. Fyrstur í mark var hinn danski Torben Gregersen Cleaver en Haldór kom í mark rétttri mínútu síðar. Þriðji varð Sveinbjörn Kristjánsson frá Bolungarvík. Þess má geta að Sveinbjörn átti gamla metfímann í keppninni sem var tvísleginn á sunnudag, bæði af Torben og Haldóri. Aðstæður voru mjög góðar og mæting framfar vonum. Alls tóku 33 ræðarar þátt og var keppt í fimm flokkum. Myndin var tekin þegar ræðararnir voru að hefja keppni. – *halfdan@bb.is*

## Malbikunarstöð sett upp svæðinu við Sundahöfnina á Ísafirði

# Áhersla lögð á að stöðin trufla ekki móttöku skemmtiferðaskipa

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur veitt leyfi fyrir því að malbikunarstöð verði staðsett á svæði Sundahafnar eins og áður hefur verið gert. Það var Jóhann Birkir Helgason bæjartæknifræðingur sem óskaði eftir athafnasvæði fyrir feranlega malbikunarstöð sem til

stendur að setja upp á Ísafirði í sumar. Í bókun hafnarstjórnar segir að veitt sé leyfi fyrir því að malbikunarstöðin verði á hafnarsvæðinu, en sem fjærst Ásgeirsgötu.

Þá segir í bókun nefndarinnar: „Hafnarstjórn setur ströng skilyrði fyrir því að ekki

verði truflun á móttöku skemmtiferðaskipa og áskilur sér rétt á að framleiðsla verði stöðvuð ef vindátt verður þannig að truflun verði á starfsemi fyrirtækja og ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu. Þá er átt við að ryk og óþrifagufur leggist undan vindi“.

Þá var á sama fundi veitt leyfi til að staðsetja grjótmulningsvél á Suðurtanga til þess að vinna um 5.000 rúmmetra af efni. Bókaði hafnarstjórn að gæta skuli að því að rykbinda akveg að svæðinu til að koma í veg fyrir óhreinindi og rykblástur á svæðinu.

# Reynir Torfa sýnir á Langa Manga

Reynir Torfason, bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar opnaði myndlistarsýningu 1. maí á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði. „Það var engin formleg opnun heldur aðeins uppsetning. Ég er ekki mjög duglegur að auglýsa sjálfan mig. Þrátt fyrir það var ég reyndar búinn að selja tvær myndanna áður en ég hafði lokið að setja þær allar upp“, segir Reynir. Reynir hefur haldið fjölda sýninga á liðnum árum, bæði einka- og samsýningar. Verk hans má sjá víða og eru þau jafnt í eigu einstaklinga sem fyrirtækja og félagsamtaka. Reynir var útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar í febrúar og er hann sá fimmti sem hlýtur nafnbótina. Sýningin á Langa Manga mun standa til loka maí.

– *thelma@bb.is*



Eitt verka Reynis á sýningunni.



ÍSAFJARÐARBÆR

## SUMARAFLEYSINGAR

Slökkvistöðin óskar eftir að ráða starfsmenn til sumarafleysinga. Viðkomandi þarf að hafa aukin ökuréttindi. Aldurstakmark er 22 ára og eldri. Upplýsingar gefur slökkviliðsstjórinn í Ísafjarðarbæ í síma 456 3300.

## „GÖNGUSTÍGUR Í SKUTULSFIRÐI“

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Göngustígur í Skutulsfirði“. Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 20. júlí 2005. Útboðsgögn verða til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá kl. 13:00 þriðjudaginn 17. maí. Tilboðin verða opnuð **þriðjudaginn 24. apríl nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

*Tæknideild Ísafjarðarbæjar.*

## HREINSUNARÁTAK ÍSAFJARÐARBÆJAR

Ágæti atvinnurekandi, húseigandi og íbúi Ísafjarðarbæjar! Nú er komið vor og þá þarf að taka til og fegra umhverfið fyrir sumarið.

Viljum við því beina þeim tilmælum til allra sem málið varðar að vera búnir að hreinsa og snyrta umhverfið fyrir 20. maí nk.

Eigendum númerslausra bíla og bílhraja er bent á að Úrvinnslusjóður greiðir 15.000 kr. fyrir hvern bíl yngri en árgerð 1980 sem eru afskráðir.

Til að koma til móts við íbúa á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri mun Ísafjarðarbær vera með móttökustöðvar fyrir bíla við áhaldahús sveitarfélagsins. Að öðrum kosti þurfa eigendur að greiða kostnað við brottflutning. Fyrirtækjum er gefinn kostur á að farga brotajárni fyrir 6 kr. pr. kg. en samkvæmt gjaldskrá er kostnaðurinn 8 kr. pr. kg.

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu framkvæma hreinsunina á kostnað eiganda fasteignarinnar sem ruslið er við á eftirtöldum dögum.

Mánudaginn 23. maí á Þingeyri.

Þriðjudaginn 24. maí á Flateyri.

Miðvikudaginn 25. maí á Suðureyri Fimmtudaginn og föstudaginn 26. og 27. maí á Ísafirði.

Með von um gott samstarf einstaklinga og fyrirtækja.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar á slóðinni [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

*Tæknideild Ísafjarðarbæjar.*

**Næsta tölublað BB kemur út fimmtudaginn 19. maí**





# Glæsilegt kvöldverðarhóf í tilefni af 40 ára afmæli KFÍ

Í tengslum við ársþing Korfuknattleikssambands Íslands á dögnum hélt Korfuknattleiksfélag Ísafjarðar kvöldverðarhóf fyrir þingfull-

trúa og velunnara félagsins í tilefni af 40 ára afmæli KFÍ. Meðal gesta í hófinu var Ellert B. Schram forseti Íþrótt- og ólympíusambands Íslands.

Í tilefni af afmælinu heiðraði KFÍ nokkra einstaklinga og fyrirtæki fyrir stuðning við félagið á liðnum árum. KFÍ bærust fjölmargar árnaðaróskir í

tilefni afmælisins og fjölmargir ræðumenn kvöldsins lofuðu starf félagsins á liðnum árum og glæsilega uppbyggingu þessarar vinsælu íþróttagreinar. Þess má geta að fyrstu áratugina var ekki löglegur keppnisvöllur í greininni hér á svæðinu og hafði félagið leiki heimaleiki sína í að minnsta fimm sveitarfélögum þegar loksins kom boðlegt íþróttahús á Ísafirði.

Í kvöldverðarhófinu var Guðjón Þorsteinsson fyrrverandi formaður KFÍ og framkvæmdastjóri félagsins sæmdur gullmerki ÍSÍ og KKÍ fyrir áratuga störf sín í þágu korfuknattleiksíþróttarinnar eins og greint er frá hér að neðan.

Að kvöldverði loknum var stiginn dans fram eftir nóttu.




Ellert B. Schram forseti ÍSÍ veitir Guðjóni Þorsteinssyni gullmerki sambandsins.

## Guðjón sæmdur gullmerkjum ÍSÍ og KKÍ

Í kvöldverðarhófi sem haldið var á þingi Korfuknattleikssambands Íslands á Ísafirði í tilefni af 40 ára afmæli KFÍ fyrir stuttu var Guðjón Þorsteinsson, fyrrverandi formaður félagsins og framkvæmdastjóri þess til margra ára sæmdur gullmerkjum Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og Korfuknattleikssambands Íslands fyrir áratuga störf sín í þágu korfuknattleiksíþróttarinnar og íþróttahreyfingarinnar almennt.

Að auki veitti KFÍ nokkrum aðilum viðurkenningarskjöl vegna starfs þeirra og stuðnings við korfuknattleiksíþróttina á Ísafirði. KFÍ bærust fjölmargar árnaðaróskir í tilefni af afmælinu og fjölmargir ræðumenn kvöldsins lofuðu starf félagsins á liðnum árum og glæsilega uppbyggingu þessarar vinsælu íþróttar. – hj@bb.is



Meðal þeirra sem KFÍ heiðraði fyrir störf í þágu félagsins var Óli Reynir Ingimarsson sem kallaður hefur verið afi korfuknattleiksins á Ísafirði.

**Diva snyrtistofa**  
 kynnr **Hydradermie lift**  
 (andlitslyftingu án skurðaðgerðar)

**HYDRADERMIE LIFT er ný andlitsmeðferð, þróuð af Guinot, sem styrkir andlitsvöðva og sléttir úr finum línum og hrukkum**

**Hentar öllum!**  
**Dýpt hrukkna -49,95%**  
**Þéttleiki húðar +44,28%**  
**Útgeislun +70-100%**

- Hrukkur minnka að meðaltali um helming, þéttleiki húðarinnar eykst um tæpan helming og ljómi húðarinnar verður allt að tvöfaldur.
- Meðferðin dregur úr þreytumerkjum og skerpir útlinur andlitsins.
- Húðin verður stinnari og þéttari og útgeislun verður meiri.
- Um klukkustund eftir meðferðina sést tölverður árangur. Húðin verður stinnari og sléttari og yfirbragð andlitsins léttara.

**Til þess að ná sem bestum árangri er mælt með 8-12 skiptum í HYDRADERMIE LIFT tvisvar í viku**

Ef keypt er 8-12 tíma kort er veittur 15% afsláttur og einn aukatími frír með

Diva snyrtistofa  
 Mánagata 2  
 Ísafirði  
 Sími: 456-0212

**GUINOT**  
 INSTITUT • PARIS





Tilboð 205  
**25%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 520 kr/kg  
 Grillvörð  
 Tokk mýskötti Brestis

Tilboð 675  
**20%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 339 kr/kg  
 Spækjör 1/2 hrossakött

Tilboð 1519  
**30%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 2199 kr/kg  
 Lamsstafi Gourmet  
 afbætur

**Góður kostur!**

**Tilboð 12. - 15. maí**



Tilboð 399  
**35%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 609 kr/kg  
 Kjötskjöldur heilur  
 ferskur Kalkónur

Tilboð 379  
**30%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 540 kr/kg  
 Góðvörðunur  
 ferskur

Tilboð 1119  
**30%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 1599 kr/kg  
 Helgungur mýskötti  
 afbætur

Tilboð  
**139 kr**  
 Mís kaviar  
 Mís kaviar

Tilboð  
**499 kr**  
 Verð áður 699  
 Frestur Brestis  
 400g

Tilboð 999  
**30%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 1429 kr/kg  
 Grillegur  
 ferskur

Tilboð 399  
**35%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 609 kr/kg  
 Kjötskjöldur heilur  
 ferskur

Tilboð 1299  
**30%**  
 afbætur á kassa  
 Verð áður 1859 kr/kg  
 Lambgrillvörðunur  
 ferskur

Tilboð  
**189 kr**  
 Verð áður 259  
 Doritos  
 Doritos maki

Tilboð  
**248 kr**  
 Verð áður 299  
 Dumplings  
 Dumplings Original 200g

Tilboð  
**199 kr**  
 Verð áður 299  
 Sólungr  
 ferskur

Tilboð  
**129 kr**  
 Verð áður 199  
 Hetta Tomatósó 800g  
 ferskur

Tilboð  
**1098 kr**  
 Verð áður 1549  
 Coca Cola 8 pakkur og  
 20 Pepsi Max afbætur  
 með Sólungr

Tilboð  
**119 kr**  
 Verð áður 199  
 Bananar  
 ferskur

Tilboð  
**149 kr**  
 Verð áður 199  
 Pepsi og Pepsi Max  
 ferskur

Tilboð  
**59 kr**  
 Verð áður 99  
 Sólungr Cream  
 Brestis 200g

**Samkaup úrval**

# Ritstjórnargrein

## Hortittir

Á aðalfundi samtaka atvinnulífsins í byrjun mánaðarins kvaðst forsætisráðherra vera „fullkomlega meðvitaður um að skattakerfið hjá okkur er ekki fullkomið,“ og þar væri ýmsa „hortitti“ að finna, svo sem stimilgjöldin, sem allir virðast sammála um að séu baggi á bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Nú liggur ljóst fyrir að frumvarp um afnám þeirra verður ekki afgreitt á yfirstandandi þingi. Hvers vegna? Eru stimpilgjöldin þegar allt kemur til alls slíkir hortittir að það liggja ekkert á að aflétta okinu? Eða sannast hér hið forn-kveðna: einu sinni skattur – alltaf skattur. Ríkið sleppir ekki því sem það einu sinni hefur náð taki á.

Um mitt ár 2002 var skipuð nefnd til að gera úttekt á „skattsvikum í neðanjarðarhagkerfinu,“ sem þá var talið að velti tugum milljarða króna á ári. Nú, nær þremur árum síðar bólar ekki mikið á úrræðum til lausnar þessu freklega misrétti, frekar en í kjölfar fyrri nefnda sem skipaðar hafa verið í gegnum árin til sama verks. Er nema von að spurt sé: Er „neðanjarðarhagkerfið“ eitt af hinu ósnertanlega í þjóðfélaginu? Eða eer okkur ætlað að trúa því að þetta sé bara einn af „hortittinum“ í kerfinu, leifar fyrri tíma?

Persónufrádráttur í launaskattkerfinu (tekjuskatti einstaklinga) hefur dregist stórlega saman frá því sem var við upphaf staðgreiðslunnar, þegar tekið var til að staðgreiða óréttlætið, eins og það var orðað á hinu háa Alþingi á þeim tíma. Er þetta lítilræði bara enn einn „titturinn“ í skattakerfinu, sem getur beðið betri tíma?

Í kastljósi Sjónvarpsins 9. nóv. 2001 sagði sjávarútvegsráðherra að hann væri tilbúinn til að skoða afnám leiguframsals á kvóta. Fyrir alþingiskosningar 2003 sagði núverandi forsætisráðherra að framsalið hefði alla tíð verið ágalli á kvótakerfinu. Lítið hefur borið á tilburðum stjórnvalda í takt við þessar yfirlýsingar. Er frjálsa framsalið á kvótanum kannski bara „hortittur“ sem skiptir ekki máli nema fyrir kosningar? Þess á milli taki því ekki að hafa áhyggjur af slíkum smámunum!

„Þegar þá vantar orð, finna þeir upp á ýmsum hortittum, sem þeir auka inn í versin,“ segir í orðabók Blöndals um hortitti.

Deginum ljósara er að mýrgrútur agnúa er á skatta- og kvótakerfinu, lögum er varða aldræða og öryrkja og þannig mætti lengi áfram telja, þar sem skórinu kreppir að. Hvað sem hverjum og einum kann að finnast í þessum efnunum er þó ljóst, að mál er mörg hver snerta megin þorra þjóðarinnar ber að afgreiða með öðrum hætti en nafngiftinni sem stimpilgjöldunum var gefin.

s.h.

## Orðrétt af netinu

### Eðlisfræði Framsóknar

Spurning: Af hverju er Framsókn í ríkisstjórn? Svar: Vegna þess að hann vill völd.

Prófum ögn floknara dæmi og svo stigt af stigi þangað til kenningin skýrir sig sjálf.

Spurning: Af hverju er Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra? Svar: Vegna þessa að það skilaði flokknum meiri völdum.

Spurning: Hvers vegna endurskoðaði Framsóknarflokkurinn afstöðu sína til Íraksstríðsins í ljósi þeirra mistaka sem forsvarsmenn hans gerðu? Svar: Vegna þess að þau vildu að Halldór Ásgrímsson yrði forsætisráðherra (sjá svar 2).

Spurning: Hvers vegna var Búnaðarbankinn seldur?

Svar: Til að tryggja flokknum völd í viðskiptalífni.

Spurning: Hvers vegna er flokkurinn fylgjandi sölu Landssímans? Svar: Vegna þess að annars væri ríkisstjórnarsamtarfið í hættu og þar af leiðandi missti flokkurinn völdin.

Spurning: Hvers vegna var Auðun Georg ráðinn fréttastjóri RÚV? Svar: Vegna þess að Framsókn vill efla völd sín hjá Ríkisútvarpinu.

**murinn.is – Huginn Freyr Þorsteinsson**

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

**Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is).

**Fréttastjóri:** Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, [halfdan@bb.is](mailto:halfdan@bb.is).

**Bláðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is).

**– Thelma Hjaltadóttir,** sími 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is).

**Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is).

**· Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Flosi við hlið bílsins sem hann keypti frá Texas.

# Flosi kominn aftur á Chevrolet Nova 1967

Á dögunum bættist nýr bíll í bílafloata Ísafröðinga. Bíllinn er reyndar ekki nýr úr kassanum eins og sagt var hér áður heldur er þetta 38 ára gamall vagn af gerðinni Chevrolet Nova.

Eigandi bílsins er Flosi Jónsson starfsmaður áhaldahúss Ísafjarðarbæjar. Flosi var á árum áður leigubílstjóri á Ísafirði. Hann keypti bílinn frá Texas með milligöngu uppboðsfyrirtækisins ebay.com. Flosi segir gamlan

draum hafa ræst við komu bílsins til Ísafjarðar. „Ég keypti svona bíl árið 1967 og átti hann til ársins 1973 þegar ég fékk nýjan bíl af sömu gerð. Síðan þá hef ég alltaf saknað bílsins. Þetta var slíkur eðalvagn að sá nýi sem ég fékk árið 1973 stóðst honum engan veginn snúning. Í rúm 15 ár hef ég átt mér þann draum að eignast svona bíl að nýju og nú hefur það loksins tekist“ segir Flosi. Eins og sjá má skartar bíllinn

númerum af gömlu gerðinni, Í-1182 sem var lengstum á bílum Flosa. Flosi segir að fornbílar megi nota gömlu númerin og Fornbílaklúbbur Íslands hafi yfir að ráða tækjum til framleiðslu á gömlu númerunum. Flosi vill lítið tjá sig um kaupverð bílsins en segir verð á fornbílum í Bandaríkjunum hagstætt vegna bágrar stöðu dollarans. „Hinsvegar sér Íslenska ríkið um sig og stærsti hluti hins endan-

lega kaupverð rennur þangað“ segir hann. Þegar talið berst að frekari kaupum verður Flosi dreyminn. Hann viðurkennir að hann eigi sér draum um að eignast Ford. „Ég hef aldrei átt Ford og því er ekki óhugsandi að einhvern tímann eignist ég slíkan bíl. Hvort hann verður af árgörðinni 1945 eða 1955 verður tíminn að leiða í ljós“ segir Chevrolet eigandinn að lokum. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

## Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi

# „Pólitísk ákvörðun um Dýrafjarðargöng liggur ekki fyrir“

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður segir að pólitísk ákvörðun um gerð jarðganga hafi ekki verið tekin og boðar tillögu á Alþingi fyrir næstu kosningar um málið taki ríkisstjórnin ekki af skarið. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að ekki þurfi að hafa áhyggjur af jarðgangagerðinni. Hins vegar hafi hann meiri áhyggjur af málfloðningi Kristins H. Gunnarssonar sem sífellt skeri sig úr í mikilvægum málum. Þetta kom fram í umræðum á Alþingi í síðustu viku um fyrirsögn Kristins H. þar sem hann spurði samgönguráðherra hvernig undirbúningi miði að gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Í svari ráðherra kom fram að undirbúningur að gerð jarðganganna sé í eðlilegu horfi að hans mati. Hann sagði einnig að gert sé ráð fyrir endurskoðun tólf ára samgönguáætlunar og hluti af því verkefni

á endurskoða jarðgangana á næsta ári vinnan verði unnin í samráði við þingmenn kjördæma. Þeirri endurskoðun verði lokið á árinu 2007 og þá verði hún lögð fram á Alþingi. Ráðherra telur því undirbúningur að gerð ganganna í takt við þá framkvæmdaröð sem hann hafi stefnt að þ.e. að göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar komi næst á eftir Héðinsfjarðargöngum.

Einar Kristinn Guðfinnsson sagði í umræðunni að ekki væri nægilegt að fá einungis göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Huga þyrfti að leiðinni úr Arnarfirði á Barðaströnd og sú leið yrði ekki farin með hefðbundinni vegagerð heldur annað hvort með jarðgangagerð eða gerð vegskála á leiðinni. Mikilvægt væri að leiðin yrði strax í upphafi heilsársleið. Fleiri þingmenn tóku undir nauðsyn þess að horft væri á alla leiðina á

Barðaströnd í þessu samhengi en höfðu efasemdir um að undirbúningur væri nægilega langt kominn til þess að gerð hennar gæti hafist strax á eftir Héðinsfjarðargöngum. Kristinn H. Gunnarsson sagði mjög mikilvægt að taka þá pólitísku ákvörðun hvort fara eigi í gerð jarðganga úr Dýrafirði í Arnarfjörð eða ekki. Yfirlýsing liggja fyrir um vilja samgönguráðherra en yfirlýsing um vilja ríkisstjórnarinnar liggja ekki fyrir. Hann sagði að vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar á liðnum árum væri mjög brýnt að þessi ákvörðun yrði tekin. Hann sagði það áhyggjuefni að á sínum tíma hefði gerð jarðganga undir Almanskard ekki verið talinn raunhæfur valkostur fyrir en eftir þrjátíu ár en engu að síður væri gerð þeirra ganga nú langt komin. Því hefði pólitísk ákvörðun um Dýrafjarðargöng tafist. Hann tilkynnti jafnframt að fyrir

næstu kosningar myndi hann leggja fram á Alþingi tillögu um gerð ganganna hafi tillaga um slíka framkvæmd ekki þá verið flutt af samgönguráðherra.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði að líta yrði á gerð Dýrafjarðarganga sem hluta af heildarlausn í samgöngum úr Dýrafirði og á Barðaströnd því að öðrum kosti nýttist framkvæmdin ekki til fulls. Hann sagði hafa miklu meiri áhyggjur af því hvernig Kristinn H. Gunnarsson talar heldur en af afstöðu ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar á landsbyggðinni. Hann sagði talsmátann með ólíkindum og hótanir hans um sjálfstæða tillögur í þessum málum væru ekki til þess gerðar að ná árangri. Það væri ekki líklegt til árangurs að einstakir þingmenn rifu sig út úr samstöðu þingmanna í hverju einasta máli.

– [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)





# Ferming í Ísafjarðarkirkju

Fimmtán börn verða fermd í Ísafjarðarkirkju á hvítasunnudag kl. 14:00 og þrjú börn verða fermd í Hnífsdalskapellu á sama tíma. Eftirtalin verða fermd í Ísafjarðarkirkju:

- Bára Bjarnadóttir, Hlíðarvegi 26, Ísafirði.**  
*Lína Björk Sigmundsdóttir, Bjarni Guðmundsson.*  
**Fannar Sævarsson, Mjallargötu 1, Ísafirði.**  
*Guðríður Kristjánsdóttir, Sævar Þorvarðarson.*  
**Guðrún Emilía Halldóruddóttir, Pollgötu 4, Ísafirði.**  
*Halldóra Birgisdóttir.*  
**Gunnar Páll Einarsson, Hafraholti 26, Ísafirði.**  
*Elísa Eydís Gunnarsdóttir, Einar Már Guðmundsson.*  
**Hjörtur Ólafsson, Bakkavegi 29, 410 Hnífsdal.**  
*Hulda Hafsteinsdóttir, Ólafur Þór Guðmundsson.*  
**Ísak Pálmason, Fjarðarstræti 57, Ísafirði.**  
*Helena Árnadóttir, Pálmi Stefánsson.*  
**Jóhanna María Sigmundsdóttir, Seljalandi 16, Ísafirði.**  
*Jóhanna Karlsdóttir, Sigmundur Sigmundsson.*  
**Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Brautarholti 2, Ísafirði.**  
*Rannveig Halldórsdóttir, Kristbjörn Sigurjónsson.*  
**Ómar Hólm Pálsson, Mjallargötu 1, Ísafirði.**  
*Guðrún Rósinbergisdóttir, Páll Hólm.*  
**Óttar Helgi Grétarsson, Seljalandsvegi 46, Ísafirði.**  
*Edda Bangon Khiansanthia, Grétar Helgason.*  
**Sara Rós Sigurðardóttir, Fjarðarstræti 4, Ísafirði.**  
*Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Óskarsson.*  
**Sigrún Lea Halldóruddóttir, Pollgötu 4, Ísafirði.**  
*Halldóra Birgisdóttir.*  
**Sigurður Erling Pétursson, Hlégerði 2, 410 Hnífsdal.**  
*Guðrún Olga Árnadóttir, Pétur Magnússon, Rolandi Díaz.*  
**Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir, Góuholti 2, Ísafirði.**  
*Soffía Þóra Einarisdóttir, Guðmundur Jens Jóhannsson.*  
**Sólveig Huld Jónsdóttir, Sólögötu 8, Ísafirði.**  
*Sigríður Magnúsdóttir, Jón Örn Pálsson.*
- Eftirtalin börn verða fermd í Hnífsdalskapellu:  
**Ásgerður Inga Kristinsdóttir, Sólögötu 5, Ísafirði.**  
*Margrét Jónsdóttir, Kristinn Njálsson.*  
**Guðfinna S. Sigurðardóttir, Bakkavegi 25, 410 Hnífsdal.**  
*Kristín Hreinsdóttir, Sigurður Viðar Jónsson.*  
**Helena Ásta Sigurvinsdóttir, Bakkavegi 4, 410 Hnífsdal.**  
*Gunnhildur Gunnarsdóttir, Sigurvin Samúelsson, Róbert B. Jóhannsson.*  
 Skeytasalan í Skátaheimilinu verður opin frá kl. 10-17.

## Vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá

Vegna mikillar sölu bráðvantar okkur einbýlis- og raðhús á söluskrá hjá okkur.



**Fasteignasala  
Tryggva Guðmundssonar**  
**Hafnarstræti 1, Ísafirði**  
 sími 456 3244 – [www.tg.is](http://www.tg.is)

## Atvinna

Starfsfólk, 18 ára og eldra, vantar á Shell-skálann Bolungarvík. Kvöld- og helgarvinna.  
 Upplýsingar í síma 456 7554.

## Tökum að okkur alla almenna trésmíðavinnu

- Dúklagningu
- Parketlagningu
- Uppsetningu innréttinga
- Húsaklæðningar

Upplýsingar í sínum 897 9338, 456 3448 og 456 4866.

**Trésmíðja H.P. ehf.,  
Seljalandsvegi 86, n.h. 400 Ísafirði**



Óshlíðarvegur. „Tilraun um gerð öruggs vegar um Óshlíð hefur mistekist,“ segir Kristinn H. Gunnarsson.

## Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi

# „Tilraun um gerð öruggs vegar um Óshlíð hefur mistekist“

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður telur að tilraun til að gera öruggan veg um Óshlíð hafi mistekist og því verði stjórnvöld að skoða málið frá grunni. Sú tilraun hefði staðið frá árinu 1980 og hefði verið ákveðin vegna aðstæðna á þeim tíma og ákveðinnar vandrúar á þeim tíma á gerð jarðganga. Þetta kom fram á Alþingi í síðustu viku þegar rædd var fyrirspurn hans til samgönguráðherra um gerð jarðganga til Bolungarvíkur. Fyrirspurnin var svohljóðandi: „Styður ráðherra þau sjónarmið að vegsamgöngur við Bolungarvík verði um jarðgöng þegar horft er til framtíðarlausnar og ef svo er, hvar telur ráðherra að þau göng eigi að vera?“

Í svari Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra kom fram að hann telur nauðsynlegt að nýta þær miklu fjárfestingar sem lagt hefur verið í á vegin-

um um Óshlíð þegar ákvörðun verður tekin um frekari framkvæmdir. Hann segir að gerð jarðganga á þessari leið hafi komið til tals nokkrum sinnum en á sínum tíma hafi sú ákvörðun verið tekin að ráðast í endurbætur á veginum um Óshlíð. Hann sagði hins vegar ekki óhugsandi að í framtíðinni yrði tekin sú ákvörðun að jarðgöng leystu veginn af hólmi.

Einnig rifjaði hann upp niðurstöðu starfshóps sem fjallaði um öryggismál veganna um Óshlíð og Súðavíkurhlíð. Sá starfshópur hefði lagt til að haldið yrði áfram uppbyggingu vegskála á Óshlíð en með möguleika á stuttum jarðgöngum milli Seljadals og Kálfadal en vegurinn yrði að öðru leyti um Óshlíð. Hann sagðist leggja áherslu á að áfram verði unnið að endurbótum á veginum og taldi eðlilegt að jarðgangakostir yrðu metnir að nýju þegar fram fer endurskoð-

un samgönguáætlunar til tólf ára en sú endurskoðun hefst á næsta ári og í þeirri vinnu þurfi að hafa samráð við heimamenn.

Einar Kristinn Guðfinnsson sagðist fagna yfirlýsingu ráðherra um að jarðgangakostir á þessu svæði verði endurskoðaðir því þrátt fyrir miklar framkvæmdir á Óshlíð þá hefði ekki tekist að finna þar hina endanlegu lausn. Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður og fyrirverandi samgönguráðherra sagði það furðulegt að á sama tíma og stjórnarþingmenn stæðu að milljarða króna niðurskurði á vegafé þá væru þeir að efna til umræðna á þingi um óskalista sína í jarðganga-gerð.

Guðjón A. Kristjánsson og Jón Bjarnason voru sammála Steingrími J. hvað niðurskurð varðaði og Guðjón A. taldi að vegagerð um Óshlíð væri skólábókaðemi um tilraun

sem hefði misheppnast og nauðsynlegt væri að hugsa málin að nýju. Sigurjón Þórðarson sagði það einkennilegt að á sama tíma og stjórnarþingmenn væru að samþykka niðurskurð til vegamála þá væru þeir að ýta á frekari framkvæmdir. Þarna fylgdi ekki hugur máli. Hann sagði að á árinu 2005 væri varið 30% minni fjármunum til vegamála en á árinu 2001 sem hlutfall af ríkisútgjöldum og sama þróun væri í framlögum til viðhalds vegna þrátt fyrir að álag á vegakerfið hefði margfaldast.

Kristinn H. Gunnarsson var aði við hugmyndum um gerð stuttra jarðganga á leiðinni eins og samgönguráðherra nefndi í svari sínu. Kristinn sagði að yrði sú leið farin væri verið að gera sömu mistök og árið 1980 þegar ákveðið var að endurbyggja veginn um Óshlíð í stað þess að ráðast í gerð jarðganga. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

# Gamla apótekið verði upplýsingamiðstöð fyrir ungt fólk á Íslandi

Ísafjarðarbær og skrifstofa Evrópusambandsins í málefnum ungs fólks í Evrópu undirrituðu á dögnum samninga um að Gamla apótekið á Ísafirði miðli upplýsingum til íslenskra ungmenna um verkefni og styrki innan ESB. Verkefnið ber yfirskriftina Eurodesk eða Evróvísir eins og það hefur verið nefnt á íslensku. „Til viðbótar þeirri þöknun sem ungmennahúsið fær fyrir að sinna þessu starfi skapast nú tækifæri til þess að þjálfa ungt fólk í sveitarfélaginu í alþjóðlegum verkefnum. Eftir því sem reynslan og

þekkingin á verkefninu vex opnast möguleikar á því að sækja fleiri evrópska styrki til vinnu á sviði forvarnar- og æskulýðsmála. Aðstæður til þess að vinna að slíkum málum eru um margt ákjósanlegar hér í sveitarfélaginu. Má þar nefna fjölda ungra nýbúa í þessum landshluta og aðstæður til æskulýðsstarfs á jadar-svæði Evrópu“, segir Skúli Ólafsson, forstöðumaður Skólafjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Starf umsjónarmanns Gamla apóteksins og Evróvísis mun felast að hluta til í því að

svara fyrirspurnum íslenskra ungmenna um möguleika til náms, styrkja og atvinnu í löndum ESB. Til þess nýtur umsjónarmaðurinn aðgengilegra upplýsinga sem skrifstofurnar í Brussel uppfæra reglulega. Hann mun einnig sækja námskeið og fundi á vegum þessa samstarfsnets.

Verkefni Gamla apóteksins verða því nokkuð frábrugðin því sem verið hefur fram til þessa. Til viðbótar ber að nefna að nú hefur Ísafjarðarbær yfirumsjón með Evróvísistarfi ungmenna í aldursþópnun frá 13 ára og fram yfir

tvítugt sem skapar samfellu í þessum málaflokki. Þetta gefur ungmenninum á því að þjálfa ungmenni til félagsstarfa og nýta svo krafta þeirra og hugmyndaauði til starfseminnar eftir því sem aldur þeirra og þroski vex. Eftir að grunnskóla lýkur halda ungmennin áfram að sækja félagsmiðstöð sem er á vegum sömu aðila og síu sem þau voru vön að sækja.

„Með yfirtöku Ísafjarðarbæjar á rekstri Gamla apóteksins og umsjón með Evróvísistarfi á fjölbreyttara og markvissara ungmennastarfi í Ísafjarðarbær“, segir Skúli.





Súðavík.

Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnana hans fyrir árið 2004

# Hefðbundinn rekstur í járn-um en fjárhagsstaða sterk

Á síðasta ári voru rekstrar-tekjur Súðavíkurhrepps og stofnana hans tæpar 108 milljónir króna eða um 4,7 milljónum króna hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þetta kemur fram í ársreikningum hreppsins og stofnana hans sem afgreiddir voru til seinni umræðu hreppsnefndar í síðustu viku. Skatttekjur síðasta árs voru 49,7 milljónir króna og framlagjöfnunarsjóðs sveitarfélaga var 32,1 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld

voru 53,3 milljónir króna eða um 3 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 50,3 milljónir króna sem er um 10 milljónum króna hærra upphæð en gert var ráð fyrir. Afskriftir voru 10,4 milljónir króna. Halli var því af rekstrinum fyrir fjármagnsliði og söluhagnað af hlutabréfum að upphæð 13,7 milljónir króna. Fjármagnstekjur voru 15 milljónir króna. Söluhagnaður hlutabréfa hreppsins í Hrað-

frystihúsinu - Gunnvöru ehf. nam 86,4 milljónir króna. Í heild er því reksturinn jákvæður um 87,7 milljónir króna en í áætlun var gert ráð fyrir að hann yrði jákvæður um 8 milljónir króna.

Í árslok 2004 voru skammtáskuldur Súðavíkurhrepps og stofnana hans 38,7 milljónir króna, langtímaskuldir voru á sama tíma 171 milljón króna þar af um 70 milljónir króna vegna félagslegra íbúða sveitarfélagsins. Veltufjármunir í

árslok voru rúmar 291 milljón króna og höfðu aukist um 188 milljónir á milli ára. Veltufjármunir duga því til uppgreiðslu allra skulda sveitarfélagsins og að því loknu væri handbært fé um 120 milljónir króna.

Að auki á sveitarfélagið eignarhluti í fyrirtækjum sem metnir eru á um 200 milljónir króna í ársreikningnum. Fjárhagsstaðan var því afar sterk um síðustu áramót.

- hj@bb.is



Hér má sjá skipulag Langeyrar.

Bygging iðnaðarhúsa á Langeyri

## Vestfirskir verktakar buðu lægst

Vestfirskir verktakar ehf. áttu lægsta tilboð í byggingu tveggja iðnaðarhúsa sem Súðavíkurhreppur hyggst reisa á Langeyri. Tilboðið var að upphæð rúmar 67,2 milljónir króna eða tæp 64% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á tæplega 106 milljónir króna.

Fjögur önnur tilboð bárust. Eldafl ehf. gerði tvö tilboð, annað að upphæð tæpar 69,4 milljónir og hitt að upphæð rúmar 74,8 milljónir króna. Multikerfi ehf. bauð tæpar 88,2 milljónir króna og Ágúst og Flosi ehf. buðu rúmar 93 milljónir króna.

- hj@bb.is

## UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐS BOLUNGARVÍKUR 2004

Ársfundur Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur árið 2004 verður haldinn í Ráðhússalnum í Bolungarvík þann 19. maí kl. 17.00. Fundurinn er opinur öllum greiddandi sjóðfélögum og lífeyrisþegnum.

| Efnahagsreikningur 31.12.2004:          | í þús. kr.       |
|-----------------------------------------|------------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum.....    | 1.197.968        |
| Verðbréf með föstum tekjum.....         | 848.124          |
| Veðlán.....                             | 58.476           |
| Kröfur.....                             | 20.614           |
| Bankainnskiður.....                     | 417.198          |
| <b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b> | <b>2.542.380</b> |

Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2004:

|                                                  |                  |
|--------------------------------------------------|------------------|
| Iðgjöld.....                                     | 98.824           |
| Lífeyrir.....                                    | (57.974)         |
| Fjárfestingartekjur.....                         | 232.296          |
| Rekstrarkostnaður.....                           | (7.937)          |
| Hækkun á hreinni eign 2004.....                  | 263.209          |
| Hrein eign 01.01.2004.....                       | 2.279.171        |
| <b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b> | <b>2.542.380</b> |

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakönnun hf. hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2004. Afaltnar skuldbindingar miðað við 3,5% ársveði eru að fjárhæð 2.492 millj. kr. í árslok 2004. Á sama tíma nam hrein eign skv. ársreikningi, án núvirðingar, 2.542 millj. kr. eða 50 millj. kr. hærra fjárhæð. Staða með núvirðingu eigna sjóðsins er 116 millj. kr. hærra en afaltnar skuldbindingar sjóðsins. Ef lítið er til framtíðarmættar eru skuldbindingar samtals að fjárhæð 4.128 millj. kr. en eignir með núvirðingu að viðbættum áætluðum framtíðariðgjöldum, 4.025 millj. kr., eða 103 millj. kr. lægri en áætlaðar skuldbindingar.

| Lífeyrisgreiðslur 2004..... | í þús. kr.    | tjöldi     |
|-----------------------------|---------------|------------|
| Elli lífeyrir.....          | 28.463        | 97         |
| Sjómannalífeyrir.....       | 1.330         | 3          |
| Örorkulífeyrir.....         | 23.646        | 64         |
| Makalífeyrir.....           | 4.566         | 27         |
| Barnalífeyrir.....          | 734           | 13         |
| <b>Samtals</b>              | <b>58.739</b> | <b>179</b> |

| Kennitölur                                          | Árið 2004 |
|-----------------------------------------------------|-----------|
| Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.....             | 59,9%     |
| Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum.....            | 8,2%      |
| Kostnaður sem hlutfall af eignum.....               | 0,3%      |
| Raunávöxtun m.v. vísit. neysluverðs.....            | 5,6%      |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 árin..... | -0,6%     |

| Stjórn Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur            |                                   |
|-----------------------------------------------|-----------------------------------|
| Eliás Jónatansson                             | Lárus Benediktsson, stjórnarform. |
| Flooi Jakobsen                                | Karvel Pálmarsson                 |
| Jenny Hölmsteinsdóttir                        | Gunnar Hallsson                   |
| Framkvæmdastjóri<br>Steinunn S.L. Ánnasdóttir |                                   |



### LÍFEYRISSJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Ráðhúsinu 415 Bolungarvík Sími 450-7100 Fax 450-7104



# Ekur um meginland Evrópu pöbbum og sefur í bílnum á

Sigurður „danski“ Björns-son frá Flateyri er Vestfirðingum og íraun landsmönnum öllum vel kunnur. Hann hefur í hátt í 20 ár spilað og sungið á knæpum Íslands og annarra landa. Að undanfögnu hefur hann flakkað um meginland Evrópu og má með sanni segja að hann sé dagróðratónlistarmaður, ekur um á sendiferðabíl með konu og spilar í Þýskalandi, Danmörku og víðar.

Sigurður, eða Siggi Björns eins og hann er nær undantekningalaust kallaður, var staddur á Flateyri um daginn og þótti tilvalið að taka hús á manningum.

## Miklar framkvæmdir

Um þessar mundir býr Siggi í Dresden í suð-austurluta Þýskalands með þýskri sambyliskonu sinni. Eins og flestir vita fór borgin mjög illa út úr seinni heimstyrjöldinni og var sagt að eftir stríð hafi hæsta bygging borgarinnar verið um 10 sentimetrar á hæð.

„Borgin var gjörsamlega sprengd í tætlur. Eftir stríð tóku stjórnvöld í Austur-Þýskalandi sig til og byggðu stórar Sovétblokkir út um allt og varð Dresden alveg skelfilega ljót. Þróunin þar er um 10 árum á eftir Berlín og eru gífurlegar byggingaframkvæmdir þar í augnablikinu. Hvert sem lítið er má sjá byggingakrana. Bæði er verið að byggja nútíma hús og endurbyggja gamla bæinn.“

– En býrð þú í svona Sovét-kassa?

„Nei, það gæti ég aldrei. Konan mín fengist aldrei inn í svoleiðis hús. Við erum í Dresden út af henni, hún verður næstu árin að kenna í háskóla í borginni.“

## Sefur í bílnum

Í hálf tannað ár hefur Siggi búið í Þýskalandi, flakkað um landið og víðar á sendiferðabíl sem hann gistir í á milli tónleika.

„Ég spila aðallega í norðurhluta Þýskalands og í Danmörku. Það er eiginlega best að spila í Þýskalandi. Tónleikagestir á pöbbum þar hlusta á allt sem maður hefur að segja og það er ekki sama fyllerisstemmingin þar og til að mynda á bódegunum í Danmörku. Þeir eru alveg skelfilegir.“

Ég keyri út um allt og ferðast með hljóðfæri og önnur tól. Svo er ég stundum að spila á nokkrum stöðum í einu úthaldi og þá sef ég í konu í bílnum á milli. Strax eftir tónleika finnst



mér best að keyra eitthvað örlítið áleiðis til næsta staðar, finna mér eitthvert hentugt bílaplan til að leggja bílnum um borð í skipinu.“

– Þannig að það er hálfgertrillukarlalíf á þér? Þú ert eins og dagróðramaður sem fær sér lúr um borð í skipinu.

„Já, mér finnst þetta miklu þægilegra og einfaldara en að vera að vesenast í að finna gistiheimili.“

## Vel tekið í Þýskalandi

– Ertu með hljómsveit á bak við þig, eða spilarðu aðallega einn?

„Að undanfögnu hef ég verið að hverfa aftur til upprunans og spila yfirleitt einn. Ég hef verið að keyra meira á mínu eigni og hef verið duglegur að segja sögur á milli laga sem flestar eru sannar, þó þær séu að sjálfsgöðu vel ýktar. Flestar fjalla þær um fólk að vestan og eru ýmist myndar sögur eða harmsögur.“

Af og til tek ég með mér hljóðfæraleikara. Til að mynda var ég um daginn að spila með

Olavi Körre frá Þingeyri og Önu Pálssyni frá Flateyri. Þetta geri ég líka stundum úti, tek með mér fiðlu- eða gítarleikara.“

– En hvernig leggst íslenski trúbadúrstíllinn í Þjóðverjana? „Bara mjög vel. Ég syng og segi sögur á ensku þar sem þýskan er ekki enn orðin nógu góð. Menn hafa hingað til tekið mér vel, enda er mikill áhugi fyrir Íslandi og íslenskri menningu í Þýskalandi.“

## Harkið er súrsætt

Siggi hefur ekki hugsað sér að hætta í harkinu í nánustu framtíð.

„Harkið er súrsætt. Stundum gengur vel og stundum illa. Fjárhagslega séd er sumrin best, en síðustu 15 ár hef ég spilað á Borgundarhólmi, sem er mikill ferðamannastaður. Þar er hópur fólks sem kemur alltaf á tónleika og ég hitti oft sama fólk á milli ára. Ég er yfirleitt í einn og hálfan mánuð á Hólminum og spila alltaf á sama stað.“

– En hvað gerirðu þegar þú

ert ekki að flakka um Evrópu að spila?

„Það er mjög misjafnt. Upp á síðkastið hef ég verið að vinna í flutningum til Dresden. Oft eyði ég tímanum í að semja ný lög, en ég vil hafa sem mest úrval þegar kemur að því að gefa út plötu. Svo koma heilu dagarnir sem maður gerir ekki neitt. En mér leiðist aldrei.“

## Sinnir dönskum vini sínum

Siggi hefur verið duglegur að heimsækja sinn heimabæ, Flateyri í Önundarfirði. Hann hefur keypt húsið sem hann ólst upp í og dvelur þar þegar hann er fyrir vestan.

„Ég er yfirleitt 2-3 mánuði á ári á Flateyri. Því miður er ég voðalega lítið þar á sumrin, eina skiptið síðustu 15 ár sem ég hef komið að sumarlagi var á Grænenskum dögum sem haldnir voru á Flateyri, en þá rigndi allan tímann. Ég ætla að vera á Flateyri í ágúst og taka konuna með, en hún hefur aldrei komið til Íslands að

sumri til.“

– En hvað hefurðu verið að gera í þessu stoppi? Hefurðu skroppið í beitingaskúrinn og tekið nokkra bala?

„Nei, það hefur bara ekki gefist tími til þess. Ég hef miklið verið að sinna honum Esben Langkniv sem er danskur vinur minn sem gistir nú í Sólbakka á Flateyri. Hann vinnur sem félagsfræðingur í sambandi danskra tónlistarmanna og vera hans hér er hluti af samstarfsverkefni Önfirðingafélagsins og félags lagahöfundu í Danmörku. Þeir fá Sólbakka 2 vikur á ári og borga fyrir sig með því að taka þátt í mannlífínu í bænum. Þannig hefur Esben verið að koma fram á Vagninum og Langa Manga á Ísafirði, en hann er gífurlega vinsæll vísnaðsöngvari í Danmörku.“

## Þótti heppinn að hafa slasast

Siggi hefur lengi verið kenndur við Danmörku og var og er kallaður Siggi danski af félögum sínum á Flateyri.

Ástæða þessa viðurnefnis er sú að þegar Siggi var 10 ára fékk hann stein í hausinn og þurfti að fara til Danmerkur í uppskurð, sem var að visu hætt við þegar á hólminn var komið.

„Við félagarnir vorum að grýta krúur og ég asnaðist inn í skotlínuna. Meiðslin voru alvarleg og á endanum var ég sendur til Danmerkur. Þó að ég hefði feginn viljað losna við þetta, þá var ég öfundaður af félögum mínum á Flateyri sem aldrei höfðu komið til útlanda. Ég þótti heppinn að hafa slasast svona illa.“

Þó þetta hafi verið ævintýri upp að vissu marki, þá eyddi ég mestum tíma á sjúkrahúsi. En ég fékk þó að fara í dýrargarðinn í Köben sem var mikil upplifun.

Eftir þetta var ég alltaf kallaður Siggi danski. Ég hef tekið eftir því að menn eru aftur farnir að nota þessi gömlu gælunöfn, eins og Natniburi, Síli, Kattó og svo framvegis. Stundum eru sögunar á bak við nöfnin þannig að menn hafa skammast sín fyrir þær



# L, spilar á milli tónleika

þegar þeir voru unglingar, en eru hættir að vera viðkvæmir fyrir þeim núna.“

Eins og flestum öðrum þótti Sigga ekki leiðinlegt að alast upp á Flateyri.

„Ég ólst upp rétt áður en barnaleikvöllurinn á Flateyri var tekinn í notkun, ég rétt slapp við hann. Þá var það bara bryggjan, fjaran og fjallið sem við lékum okkur í. Enn þann dag í dag umgengst maður sama fólk og í gamla daga, Sigurð Hafberg og fleiri. Í litlum bæjum eiga menn langa leið saman í lífinu.“

## Mikil gróska í tónlistarlífinu

– En hvernig finnst þér tónlistarlífið á Vestfjörðum hafa verið að þróast að undanförmu?

„Ég er gáttaður á því hversu mikið hefur verið að gerast hér fyrir vestan. Þó maður búi í Þýskalandi kemst maður ekki hjá því að taka eftir því hversu mikið er í gangi. Það er verið að spila í öllum skúrum í öllum bæjum, virðist vera. Tónleikar eru um allt og tónlistarmenn sem koma frá Vestfjörðum eða tengjast Vestfjörðum eru að vekja athygli mjög víða.

Hugarfarið er líka svo merkilegt. Í Danmörku svo nefnt sé dæmi er ekkert gert nema það hafi lengi verið í undirbúningi. Menn læra varla fyrsta gripíð á gítarinn án þess að hafa fengið styrk til þess. Á Íslandi eru menn hífandi og slakandi villt og galið og útkoman er oft mjög góð.“

## Borgaði fyrir lummurnar

„Hljómsveitin Nilfisk, sem er hálfvestfirsk, er gott dæmi um þetta. Þeir fóru bara af stað og stofnuðu hljómsveitina áður en þeir urðu sérstaklega góðir á hljóðfærin. Sveitin tók fljótlega stórstíguum framförum og strákarnir voru orðnir ótrúlega góðir á ótrúlega

skömmum tíma. Ég sá þá um síðustu páska og þeir eru orðnir virkilega frambærilegir. Þeir kæmst á næstum hvaða svið sem er.

Einn úr hljómsveitinni er sonur Björns Inga vinar míns. Sagan segir að Björn hafi verið að reyna að fá þá til að æfa upp ballprógramm með gömlum lummum sem hann vildi heyra. Þeir voru náttúrulega ekki á þeim buxunum, en hann bauðst til að borga þeim 5 þúsund kall fyrir hverja lummu sem þeir æfðu upp. Þetta mun hafa hvatt þá til að æfa og æfa. Ég þori nú ekki að hengja mig upp á að sagan sé sönn, en hún er skemmtileg og ég trú þessu alveg upp á Björn Inga.“

## Vestfirðingar geta víst staðið saman

Siggi kom fram á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður sem haldin var á Ísafirði í annað sinn um síðustu páska.

„Það er ótrúlegt hversu mikið af frambærilegum heimaþöndum spiluðu á hátíðinni. Þessi hátíð var náttúrulega alveg ótrúleg og ég vona innilega að hún sé komin til að vera. Ég spilaði á henni í fyrra og í ár og vona að ég fái að vera með næst. Ég er búinn að lýsa yfir áhuga mínum, og ég myndi koma sérstaklega til landsins til að fá að vera með.

Þetta framtak er alveg geggjað og viðbrögð fólksins á svæðinu eru alveg ótrúleg. Það er alltaf verið að tala um að Vestfirðingar geti ekki staðið saman um nokkurn skapaðan hlut, en ég held að þessi hátíð sanni að það geti þeir víst, hvort sem þeir búa á Ísafirði, í Bolungarvík, á Flateyri eða annars staðar á Vestfjörðum. Fyrst að menn geta staðið saman að svona hátíð, sem er ótrúlega stór fyrir ekki stærri bæ, þá hljóta Vestfirðingar að geta staðið saman gegn þeim sem hafa á teikniborðinu að leggja þessa staði í eyði.

## Starfsfólk óskast

Starfsfólk vantar til almennra þjónustustarfa í sumar. Aldurstakmark 18 ár. Einnig vantar okkur einn starfsmann í sjoppu og á tjaldstæði. Ekki yngri en 16 ára.

Umsóknir og upplýsingar um fyrri störf og meðmælendur sendist á netfangið [flokalundur@flokalundur.is](mailto:flokalundur@flokalundur.is).

Nánari upplýsingar gefur Steina í síma 893 0953. Hótel Flókalundur.





# Langt ferðalag gegnum Edinborgarhúsið

Myndlistarkonan Elín Hansdóttir opnar á sunnudaginn sýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Þar hefur hún ásamt góðum hópi komið upp miklu mannvirki með löngum göngum sem hlykkjast um þessa menningarmiðstöð Ísafirðinga.

Elín sem er fædd árið 1980 í Reykjavík og býr í Berlín hefur tekið þátt í fjölda einkasýninga og samsýninga, bæði á Íslandi og í Þýskalandi. Hún er þekkt fyrir innsetningar sem að öllu jöfnu virðist einfaldar að gerð en innihald þeirra er margbrotið. Elín er annar tveggja íslenskra myndlistarmanna sem halda sýningar á Ísafirði sem hluta af Listahátíð í Reykjavík, en í Slunkaríki sýnir Hreinn Friðfinnsson, einn fremsti konseptlistamaður Íslands. Bæjarins besta heilsaði upp á listakonuna þar sem hún vann hörðum höndum að verkinu og forvitnaðist um tilurð þess og tilgang.

–Þetta er talsvert mannvirki sem hefur risið innan í Edinborgarhúsinu á stuttum tíma. Hve margir komu að gerð þess?

„Ég hef unnið þetta verk í samvinnu við fjóra aðra. Ég þróaði verkið í samtöllum við Anne Kockelkorn, sem er arkitekt í Berlín. Við tókum upp samtöl okkar þar sem við ræðum hvað mig langaði til að gera og þannig þróaðist sú hugmynd að gera þetta verk. Við smíði verksins komu mér til hjálpar Axel Albrecht og Marian Burchardt, sem eru arkitekt og myndlistarmaður í Þýskalandi en einnig lærðir húsasmiðir. Í samvinnu við þá hef ég þróað hvernig göngin ættu að liggja. Við mættum

ekki á staðinn með byggingarplan heldur höfum við smíðað tíu metra í senn eftir tilfinningu. Svo er Darri Lorenzen, íslenskur myndlistarmaður, að vinna að hljóðverki sem verður fyrir utan göngin og tengist þeim á mjög beinan hátt. Darri er að vinna hljóðupptökur úr göngunum sjálfum sem verður dreift í gegnum fjölda hátalara. Hljóðunum verður breytt þannig að það er ekki um að ræða tónlist heldur lágstemmd hljóð sem mynda hljóðheim kringum göngin. Einnig hefur Rósa Birgitta Sigríðardóttir aðstoðað okkur, svo og tvær stúlkur frá Listaháskólanum, þær Anna Wolff og Jelena Micic.

Ég heimsótti Edinborgarhúsið í desember eftir að mér hafði verið boðið að sýna hér. Í húsinu eru stórir salir og skemmtilegt að fá að vinna í svona hráum aðstæðum eins og eru hér til staðar, það býður upp á svo marga möguleika. Í rauninni er verkið ferðalag gegnum húsið, þó að maður fái aldrei að sjá það að innanverðu. Allavega hugsá ég það þannig að fólkið kemur til Ísafjarðar þar sem fjöllin eru alls staðar í kring og svo sér það þetta fallega hús að utanverðu en þegar það kemur inn er eins og það sé annað hús innra með því. Innra húsið er allt annað í eðli sínu, þar er allt einfalt og hvítt. Í Edinborgarhúsinu hefur margt átt sér stað gegnum árin en þessi göng eru frá öðrum tíma. Þau eru ný og tímalaus.“

## Treður ekki skoðunum upp á fólk

–Hefur verkið hlotið nafn?  
„Nei, það er algjörlega nafn-

laust. Ég vinn þannig. Það er mjög sjaldan sem ég hef titla á verkum mínum. Ég vil helst ekki vera að troða skoðunum mínum upp á fólk með því að segja því um hvað verkið snýst. Þess vegna vil ég bjóða upp á að fólk finni þetta ömurlegt. Stór hluti af þessu er að áhorfandinn fái tækifæri til að mynda sér skoðun um verkið. Ef honum finnst það frábært, þá af hverju, og svo framvegis. Það er aðalmálið, að mínu mati, að sýningar-gesturinn fái að mynda sínar eigin skoðanir. Ákvarðanatáka áhorfandans skiptir mig meira máli en hvort honum finnst verkið flott eða ekki.“

Á Ísafirði verður Listahátíð í Reykjavík opnuð sunnudaginn 15. maí. Í Reykjavík hefst hátíðin á laugardeginum en svo verður boðið upp á hringferð um landið og flogið til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða og Vestmannaeyja á einum degi. Ferðinni er fyrst heitið til Ísafjarðar og verða sýningar Elínar í Edinborgarhúsinu og Hreins Friðfinnssonar í Slunkaríki opnaðar kl. 9.15. Þau Elín og Hreinn verða þó einungis á stöðunum frá kl. 9 til 11 og svara þá spurningum gesta ef einhverjar vakna.

Á Listahátíð í Reykjavík í ár verður aðaláherslan lögð á myndlist. Forsvarsmenn hátíðarinnar réðu til sín breska sýningarstjórnann Jessicu Morgan sem starfar við safnið Tate Modern í London. Hún sér um hluta hátíðarinnar sem ber yfirskriftina Tími, rými, tilvera og bauð um þrjátíu manns að halda sýningar sem dreifast um Reykjavík og um landsbyggðina. Þannig er hátíðin ekki einskorðuð við höfuðborgina. Einnig er stór sýning



Þessi myndarlegi hópur vann hörðum höndum í sex vikur við að smíða verk Elínar Hansdóttur. Marian Burchardt, Axel, Darri Lorenzen, Rósa Birgitta Sigríðardóttir, Anna Wolff, Jelena Micic og Elín Hansdóttir.

● Sælkerar vikunnar · Erna Höskuldsdóttir og Hjalti Proppé á Þingeyri

## Grillaðar lambalundir

Sælkerar vikunnar bjóða upp á ljúffengar marineraðar lambalundir á grillið. Erna og Hjalti mæla með harðfiski og góðum drykk í forrétt á meðan grillið er að hitna. Með aðalréttinum segja þau að gott sé að vera með bakaðar kartöflur, salat t.d. með fetaosti og sveppasósu. Hnetukaka er í eftirrétt eða bara í pallakaffi í sumar. Kakan er í algjöru uppáhaldi hjá sælkerunum og benda þau á að ekki skemmi að hafa gott kaffi með.

### Grillaðar lambalundir

Sætt sinnep  
Lamb Islandia (frá Pottagöldrum)  
Salt og pipar  
Lambalundir

Setjið lambalundirnar í gott flát, smyrjið sinnepinu vel á þær. Kryddið vel með Lamb Islandia. Salt og pipar eftir smekk. Látið marinerast yfir nótt. Grillið lundirnar í 3-5 mín. á hvorri hlið.

### Hnetukaka í eftirrétt

200 gr. hesilhnetur fínt malaðar  
200 gr. döðlur fínt saxaðar  
50 gr. rúsinur saxaðar  
8-10 hafrakex kökur  
6 eggjahvítur  
1 tesk. salt  
1 bolli hrá sykur  
2 tesk. lyftiduft  
100 gr suðusúkkulaði fínt saxað

Malið hnetur í matvinnsluvél. Bætið rúsinum og döðlum



saman við. Myljið kexið saman við. Stífþeytið eggjahvítunum með saltinu. Blandið að lokum öllu varlega út í eggja-

hvítunum. Ef deigið er of blautt er gott að bæta við 1-2 kex kökum. Bakist við 180 í um það bil 35-40 mín. Berið fram

með vanillu ís eða þeyttum rjóma.

Við skorum á Þórhall Arason á Þingeyri.



Elín Hansdóttir myndlistarkona.

á verkum Dieter Roth sem verður á þremur stöðum, í Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands og Gallerí 100, en Björn Roth sonur listamannsins hefur umsjón með þeim.

„Jessica Morgan kom á sýningu sem ég hélt í Listasafni Árnesinga í Hveragerði í haust“, segir Elín. „Í kjölfarið bauð hún mér að sýna á Ísafirði og þannig kem ég inn í Listahátíðina.“

Við ákváðum að vera hér í sex vikur að vinna verkið. Það er alveg frábært tækifæri að fá svona mikinn tíma til að undirbúa svona sýningu. Mér hefði samt aldrei tekist þetta ef ég hefði ekki haft svona góðan hóp til að vinna mér. Það er ekki hægt að vinna svona stór verk á svo stuttum tíma nema með góðri hóp-vinnu. Því fékk ég með mér þessa fjóra skapandi einstaklinga. Það hefur verið mjög gefandi að vinna í svona hóp. Líka mjög erfitt, en skilvirkt.“

### Sérhannað fyrir Edinborgarhúsið

– Kviknaði hugmyndin að verkinu þegar þú komst fyrst inn í Edinborgarhúsið eða var þetta verk sem þig hafði lengi langað til að vinna?

„Ég er nú með stærðarbrjá-læði þótt ég sé lítill“, segir Elín og hlær. „Um leið og ég kom inn í Edinborgarhúsið og sá hve mikil stemming er í húsinu og hve stórir salirnir eru, fór mig strax að kítla í putтана að gera eitthvað af þessari stærðargráðu.“

– Verkið réðst þannig eftir húsinu sjálfu?

„Í rauninni. Ég vann mjög mikið staðbundið. Ég á erfitt með að loka mig af í vinnustofu þegar engar sýningar eða neitt er í vændum. Oftast er það þannig að ég fæ fyrst að

sjá sýningarstaðinn og þá byrja ég að vinna. Flest verk sem ég hef gert undanfarin ár eru sérstaklega hönnuð fyrir sýningarstaðina. Þetta verk í Edinborgarhúsinu gæti í raun hvergi verið annars staðar. Um er að ræða langt ferðalag gegnum húsið. Ég tel það mjög mikilvægt að fólk fái að upplifa verkið af sjálfsdáðum en ekki með hóp. Upplifunin þarf að vera einstaklingsbundin. Allavega að fólk hafi í huga að það verður mun sterkari reynsla að fara í gegnum það einn. Verkið mun standa eitt-hvað fram í júní en ég held að það ráðist af öðrum viðburðum í Edinborgarhúsinu.“

– Nú er þetta ekki í fyrsta sinn sem þú kemur til Ísafjarðar. Þú komst í tengslum við upptökur á kvikmyndinni Nóa albinóa þar sem þú lékst eitt aðalhlutverkanna.

„Já, ég kom hingað í nokkra daga, sem var mjög skemmtilegt. Það var í marsmánuði og mjög mikill snjór. Það er því önnur upplifun að koma að vori til. Það er samt skonið þegar maður rekt á fólk úr myndinni, svo sem Pál Gunnar Loftsson í Húsasmíðjunni og Greip Gíslason. Maður er því að hitta aftur sama fólk og í fyrri heimsókninni. Ég fer skömmu eftir opnunina og mun aðeins koma aftur í stutta heimsókn til að gera myndbandsupptöku úr göngunum. Það er eiginlega mjög skrítið að vera að vinna svona lengi á einum stað og fara svo bara burt og skilja verkið eftir. Og vita í raun ekki neitt hvað verður um það. En það fylgir allt ferlinu“, segir Elín. Og blaðamaður skilur við hana þar sem hún heldur áfram að ljúka verkinu, sem mun bjóða Ísafirðingum, nærsveitamönnum og öðrum gestum í langt ferðalag gegnum Edinborgarhúsið.

– thelma@bb.is

## Gísli Hjartarson, flokkstjórnarmaður í Samfylkingunni skrifar

# Varhugaverð vinnubrögð

Eftir að áratugalangan klofning lýðræðissinnaðra vinstri-manna tókst loksins að mynda breiðfylkingu jafnaðarmanna: Samfylkinguna, sem er orðin stór og verður stærri. Með því að leggja til hliðar persónulegan meting, kreddur og klíkustarfsemi varð til samhentur stjórnálflokkur, sem keppir við Sjálfstæðisflokkinn um forystuhlutverkið í íslenskum stjórnmálum. En nú eru blikur á lofti. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frambjóðandi í formannskjöri, hefur beinlínis látið að því liggja að klofningur sé yfirvofandi í Samfylkingunni, ef flokksmenn hafa ekki vit á því að láta hana fá formannsstölinn.

### Hálfkveðnar vísur...

Á dögnum kom Ingibjörg Sólrún fram í Kastljósi Sjónvarpsins og kastaði þar fram



Gísli Hjartarson.

hálfkveðnum vísur. Aðspurð um það hvernig hún myndi taka ósigri í formannskjöri kvaðst hún vitaskuld ekki hætta þátttöku í stjórnmálum, en nokkrum setningum síðar þvertók hún fyrir að gegna öðrum embættum fyrir flokkinn. Með öðrum orðum vill hún

ekki vera með nema hún sé aðal, en hún ætlar samt sem áður að vera að. Hvað þýðir það? Í besta falli er hér verið að beita kjósendur sams konar aðferðum og hún tókkaði í Reykjavíkurlistanum, sum sé að næðist ekki meirihluti yrði hún hreint ekki með, annað hvort yrði hún borgarstjóri eða ekkert.

Undirritaður átti hins vegar erfitt með að verjast þeirri hugsun, að hér væri verið að láta skína í annað verra - ekki síst þegar Ingibjörg fór með langa ræðu um að flokkar væru aðeins „tæki“ til að ná ákveðnum markmiðum. Vel getur verið að Ingibjörg Sólrún líti á Samfylkinguna sem hvert annað „tæki“ til að efla völd hennar sjálfrar, en í margra hugum er Samfylkingin lifandi hreyfing mörg þúsund einstaklinga sem keppa að sama markið: Bættu mannlífi á Íslandi.


### Klofningur boðaður?

Grein Elínar G. Ólafsdóttur, fyrrverandi borgarfulltrúa Kvinnalists og einnar nánustu samstarfskonu Ingibjargar Sólrúnar að fornu og nýju, í Morgunblaðinu á mánudag tók svo af öll tvímæli um hver hótunin er. Í grein þessari var raunar ráðist á formann Samfylkingarinnar á einkar ógeðfelldan hátt og honum borið á brýn að hafa afneitað Messíasi

sínum líkt og Símon Pétur gerði í Getsemane forðum. Nú segir það e.t.v. sína sögu að dyggustu stuðningsmönnum Ingibjargar Sólrúnar skuli ekki duga minni samlíking en Mannssonurinn, en athyglisverðasta inntak greinar Elínar var þó öldungis ódulbúin hótun um klofning Samfylkingarinnar ef Ingibjörg Sólrún næði ekki kjöri. Þar var sagt berum orðum að stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar myndu yfirgefa Samfylkinguna ef hún yrði ekki formaður flokksins.

Vinnubrögð af þessu tagi eru óþolandi í lýðræðislegum, nútímalegum jafnaðarmanna-flokki. Að reyna að hafa sitt fram með klofningshótunum og ámóta þvingunum er ekki til neins annars fallið en að eyðileggja allt okkar starf. En það má líka efast um þessa ofuráherslu á að Samfylkingin standi og falli með því að tiltekinn stjórnmálamaður sé valinn til forystu. Eða sýnist mönnum að leiðtogadýrkunin á hægri væng stjórnmálanna hafi orðið lýðræðinu til framdráttar, hvað þá að hún sé jafnaðarmönnum til eftirbreytni? Þá hafa menn heldur betur fjarlægst inntak jafnaðarstefnunnar.

Gísli Hjartarson, Höfundur er.fv. ritstjóri SKUTULS, mál-gagns jafnaðarmanna á Vestfjörðum og flokkstjórnarmaður í Samfylkingunni.



Bolungarvík.

### Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur

# Samþykkir kauptilboð í tvær fasteignir

Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur leggur til við bæjarstjórn að kauptilboði að upphæð 6,4 milljónir króna í einbýlishúsið að Traðarstíg 2 verði tekið. Í bókun nefndarinnar kemur fram að tilboðið sé jafn hátt verðmati fasteignasala á húsinu. Annað tilboð barst í húsið og var það að upphæð 4,8 milljónir króna. Nefndin gerir þann fyrirvara að Varasjóður húsnæðismála samþykki tilboðið.

Fasteignin Traðarstígur 2 er 143 fermetrar að stærð og er byggð árið 1968. Fast-

eignamat er rúmar 5,5 milljónir króna og brunabótamat tæpar 18,4 milljónir króna. Söluverðið er því tæplega 35% af brunabótamati.

Þá hefur nefndin einnig samþykkt kauptilboð í Móholt 8 að upphæð 5,2 milljónir króna með sama fyrirvara og áður getur. Það hús var byggt árið 1979 og er rúmir 140 fermetrar að stærð. Fasteignamat þess er rúmar 5,4 milljónir króna og brunabótamat tæpar 17,5 milljónir króna. Söluverðið er því tæpar 30% af brunabótamati hússins. – lj@bb.is

**HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ**

## Bókari - skrifstofustarf

*Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ auglýsir eftir bókara til starfa á skrifstofu stofnunarinnar á Ísafirði frá 15. júní nk. Um er að ræða fullt starf. Í starfinu felst færsla bókhalds, afstemmingar og almenn skrifstofustarf. Góð bókhaldsþekking, tölvukunnátta og þjónustulund er nauðsynleg í þessu starfi.*

*Laun eru samkvæmt kjarasamningu Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og stofnanasamningi HSÍ.*

*Nánari upplýsingar veitir Sigrún C. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri í síma 450 4500 (camilla@fsi.is).*

*Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, Torfnesi, 400 Ísafirði fyrir 23. maí.*

*Umsóknareyðublað er að vinna á vefnum www.fsi.is undir viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.*





Nýr samningur handsalaður. Hallgrímur Magnús Sigurjónsson útibússtjóri Íslandsbanka, Guðrún Hreinsdóttir gjaldkeri BÍ og Kristján Pálsson formaður BÍ.

## Bókaverðlaun barnanna afhent

Bókaverðlaun barnanna voru afhent á Bókasafninu á Ísafirði á miðvikudag, en bókasöfn landsins standa fyrir vali á bestu barnabók ársins 2004, að mati 6-12 ára lesenda. Bækurnar „Öðruvísi fjölskylda“ og „100% Nylon“ hlutu verðlaunin í flokki íslenskra

bóka en „Kafteinn Ofurbók og brjálaða brókar-skassið“ hlaut verðlaunin í flokki þýðdra bóka. Þá fengu fimm börn frá Ísafirði og Súðavík bók í verðlaun frá Bókasafninu á Ísafirði fyrir að taka þátt í valinu. Edda Kristmundsdóttir bókavörður

afhenti verðlaunin, en þau fengu Elísabet Gígja Steingrimsdóttir, Aldís Braga Eiríksdóttir, Arna Halldóra Rögnvaldsdóttir, María Rebekka Hermannsdóttir og Arthúr Rúnar Guðmundsson.

– *thelma@bb.is*

# BÍ og Íslandsbanki undirrita samstarf

Í síðustu viku undirrituðu Kristján Pálsson formaður Boltafélags Ísafjarðar og Hallgrímur Magnús Sigurjónsson útibússtjóri Íslandsbanka styrktarsamning til tveggja ára. Kemur hann í stað þriggja ára samnings sem rann út fyrir nokkru. Að sögn Kristjáns hef-

ur Íslandsbanki verið stór styrktaraðili Boltafélags Ísafjarðar og þannig stutt við bak-ið á ungum iðkendum knattspyrnuþróttarinnar á Ísafirði.

Hann segir samninginn nú gera félaginu kleift að kaupa keppnisbúninga á alla flokka félagsins. „Með þessum styrk-

tarsamningi gerir Íslandsbanki Boltafélaginu mögulegt að halda áfram þeirri miklu íþróttá- og æskulýðsstarfsemi sem félagið hefur staðið fyrir á liðnum árum, með góðum stuðningi bankans“, sagði Kristján Pálsson.

– *hj@bb.is*



Edda Kristmundsdóttir bókavörður afhenti Elísabetu Gígu Steingrimsdóttur, Aldísi Brögu Eiríksdóttur, Örnú Halldóru Rögnvaldsdóttur og Maríu Rebekku Hermannsdóttur verðlaun. Mynd: Bókasafnið á Ísafirði.

Tímken er djúrmætur, stóri flakja málin. Fólksbílar 3.900 krónur á dag frá Toyota Yaris upp í Kia Magentis. Jeppar 6.900 krónur á dag frá Toyota Rav4 upp í Toyota Land Cruiser. Innitalið í verði er óskilmerktur akstur og lískótrygging.

Ákvarðanir eru erfiðar. Þær eru auðveldari þegar möguleikarnir eru bara 2.



## Budget bílaleiga: 2 verð einfalt val.

Budget bílaleiga, Sími 562 6060, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík, [www.budget.is](http://www.budget.is)  
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Þorlákahöfn og Bakka.

**Budget**  
Car Rental



Jón Fanndal Þórðarson, verslunarmaður á Ísafirði skrifar

# Við erum meðhöndluð sem fífl

Við erum meðhöndluð eins og fífl sem ekki kunna að hræðast og gera sér ekki grein fyrir hættem. Það hefur verið búið á Ísafirði í 150 ár og engin gert sér grein fyrir þeirri hættem sem er að búa hér. Við héldum í fávísku okkar að fjöllin veittu okkur vernd og skáldin ortu fögur ljóð um dásæmdir þess að hvíla í faðmi fjalla blárra. Við töldum okkur eins örugg í faðmi fjallanna eins og barn í faðmi móður. Svo komu „sérfræðingarnir að sunnan“ og sögðu obb-obb-obb, hér megið þið ekki vera óvarin, fjöllin munu drepa ykkur fyrr eða síðar. Við höfðum verið svo vitlaus að við skynjuðum ekki hættema sem stafaði af fjöllunum. Við vorum eins og börn, saklaus og grandalaus.

**Athugasemdir við hættemat**

Okkur er boðið að gera athugasemdir við hættemat en það er fyrirfram víst að ekkert verður farið eftir því sem við höfum til málnana að leggja. Ég undirritaður gerði athugasemd við fyrra hættemat í 12 liðum, ég fékk kurteislegt svar frá mínum fyrrum vinnustað, Veðurstofu Íslands, þar sem hver þessara 12 liða var tekinn fyrir og niðurstaðan var sú að ég hefði rangt fyrir mér í öllum liðunum 12. Mér fannst ég vera eins og svertingi sem stæði frammi fyrir hvítum kviðdómi í Bandaríkjunum á fyrri helmingi síðustu aldar. Svertinginn átti engan séns. Enn er okkur boðið að gera athugasemdir við

væntanlegan glæp í hlífðum Kubbans. Það þýðir ekki að gera athugasemdir það verður ekki á okkur hlustað nú frekar en áður.

**Siggi Sveins og Harpa Gríms**

Hann Sigurður Sveinsson frá Góustöðum segir að forsendur hættemats í Holtahverfi séu rangar. Hann Siggi Sveins er öðru hvoru megin við áttrett og hefur haft Kubbinn fyrir augunum allt sitt líf. Skyldi karlinn vera orðinn elli-æra eða eigin við að taka mark á honum. Ekki gera „sérfræðingarnir“ það. Hann Siggi hefur bara hyggjuvitíð og reynsluna sem ekki er hátt skrifad nú til dags enda sagði einn þekktur, fyrrum háskóla- og rektors, sem ég hirði ekki um að nafngreina, þegar hann var settur inn í embætti rektors, að menn treystu allt of mikið á hyggjuvitíð, menn ættu að treysta á bókvitíð. Þessi ummæli rektors vöktu það mikla athygli á sínum tíma að um þetta var skrifað í blöð. En hvað er hyggjuvit, skyldi rektorinn hafa vitað það?

Hún Harpa Grímsdóttir, þessi gull falllega unga kona, forstöðumaður Snjóflóðasetursins telur sig hafa meir vit á þessum málum en Siggi Sveins, enda stýðst hún við bókvitíð en ekki hyggjuvitíð eins og Siggi. Bókstafurinn blífur sagði Jón Hreggviðsson, hér er það bókvitíð sem blífur. Nú ætla ég að vitna beint í Hörpu: „Áhætta af völdum snjóflóða á vissum svæðum í



Jón Fanndal Þórðarson.

Holtahverfi er óviðunandi og við því þarf að bregðast þó slæmt sé að raska jafn fögru umhverfi og við búum í á Ísafirði.“

Þakka þér fyrir að viðurkenna það að við búum í fögru umhverfi en við viljum áfram búa í fögru umhverfi. Annars var það gott að þú komst til að benda okkur á hvað hættemat það er að búa í Holtahverfinu! Þeir Holtahverfingar hafa alltaf sofið vært og ekki gert sér grein fyrir hættema fyrir en þú komst og bentir þeim á það og svo er það hann Siggi Sveins sem segir að ekkert sé að óttast.

**Milljarðurinn**

Ef skemmdarverkin á Kubbnum ná fram að ganga eins og bæjarstjórnin óskar eindregið eftir, sbr. viðtal hans í sjónvarpi fyrir skömmu, þá verða þegar komnar í þessi spjöll yfir milljarður og bæjarstjórnin búinn að punga út yfir eitt hundrad milljónum úr gáltömu bæjarstjórn. Þá verður ekki hægt að taka skammtímalán til að borga upp langtímalán

eins og virðist hafa verið gert. (Flest vitborið fólk tekur langtímalán til að borga upp skammtímalán en ekki öfugt.) Nú þarf að nota skammtímalánin til að fjármagna skemmdarverkin og þá verður ekki hægt að grynna á langtímalánunum með skammtímalánunum!

Skyldi vera hægt að fá framlag úr Ofanflóðasjóði eða einhverjum öðrum sjóði til atvinnuuppbyggingar á svæðinu, þó ekki væri nema einn til tveir milljarðar? Hvernig væri að bæjarstjórnin kannaði það? Það er verdugt verkefni.

**Hvar er okkur óhætt að vera?**

Já, hvar er okkur óhætt að vera? Svarið okkur nú „sérfræðingarnir“! Skv. ykkar hættemati er hvergi óhætt að vera allt frá Grænagarði út í Krók, ef ekki af völdum snjóflóða þá af völdum skriðufalla og grjóthruns, jafnvel Gleidihjallinn gæti sprungið fram í einu lagi og er ekki Óshlíðin að hrúni komin? Hvað gleikkar sprungan í henni um marga sentimetra á öld? Ekki er okkur óhætt á Eyrinni því ef snjóflóð

kæmi úr Kirkjubólshlíðinni í Sundin mundi það valda flóðbylgju sem sópa myndi húsunum á Eyrinni upp í hlíf eða út á sjó. Ekki er okkur óhætt í Hnífsdal, nánast öll byggð þar er afskrifuð.

Ekki þýddi að flytja á Eyrarbakka, Stokkseyri eða Þorlákshöfn. Þar er verið að undirbúa brottflutning allra íbúana vegna hugsanlegrar flóðbylgju sem gæti skolið á þessa staði ef gos yrði í Mýrdalsjökli. Haft er eftir jarðeðlisfræðingi að Selfoss sé byggður á sprungu- svæði og gæti sokkið með manni og mús ef snarpur jarðskjálfti ríði yfir og sprungur myndu opnast eða gleikka. Sama er að segja um Hellu og Hvolsvöll eins og sannaðist í síðasta skjálfta og Vík í Mýrdal er einn hættemasti staður á landinu. Ekki þýðir að tala um Vestmannaeyjar þar sem gos gæti hafist undir löppunum á manni hvenær sem er og svo er Reykjavík byggð á eldvirkasta svæði landsins. Ég vona að ég veki ekki ótta hjá neinum sem býr á þessum stöðum. Ég er ekki að skálda þetta upp, þetta eru allt hættem sem hinir margnefndu „sérfræðingar“ hafa varað við og

greint hefur verið frá í fjölmiðlum.

**Að lokum**

Í fyrsta lagi skora ég enn og aftur á sem flesta velunnara Ísafjarðar að koma í veg fyrir þessi áform. Sama er mér hvaða aðferð verði notuð til þess en þetta má ekki ske. Ég skora einnig á bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að stoppa þessa vitfyrirringu, það er í hennar valdi, og veita aldrei samþykki sitt fyrir framkvæmdinni né neinni annarri í þessu líki. Ef hún gerir það ekki mun hennar skömm verða upp meðan land byggist og hennar verða minnst sem þeirrar bæjarstjórnar sem eyðilagði umhverfi Ísafjarðar fyrir peninga.

Við sérfræðingana vil ég segja þetta: Notið ekki Ísafjörð sem tilraunadýr. Við munum aldrei líða það. Náttúrufræðingur Ísafjarðar er slík að ekki má fórna henni til þess að eitthvert austurríkt reiknilíkan geti sannað gildi sitt. Játíð mistökkin og vitleysuna, biðjið íbúa Ísafjarðar afsökunar og hættið við þetta. Þá yrðuð þið menn að meiri.

5. maí 2005, Jón Fanndal.

## Sorpbrennslustöðin á Skarfaskeri hverfur

Í síðustu viku hófust starfsmenn Ísafjarðarbæjar handa við að rífa sorpbrennslustöðina á Skarfaskeri skammt utan við Hnífsdal. Stöðin var reist á áttunda áratug síðustu aldar og var í henni brennt sorp Ísafirðinga, Bolvíkinga og Súðvíkinga enda ráku þessi sveitarfélög stöðina saman. Nokkurrar óánægju gætti með stöðina í Hnífsdal alla tíð þar sem í ákveðnum vindáttum lagði reyk og óþef frá stöðinni yfir dalinn. Að endingu missti stöðin starfsleify og var þá ný, glæsileg og afar dýr stöð reist á Kirkjuból við Skutulsfjörð. Þá stöð reka íbúar Ísafjarðarbæjar einir.



Starfsmenn Ísafjarðarbæjar hófust í síðustu viku handa við niðurrif sorpbrennslustöðvarinnar á Skarfaskeri.

sem misstigi sig í samskiptum við hann fengu oftast en ekki yfir sig kjarnyrta orðræðu sem seint gleymdist. Dugði því einatt ein aðfinnsla frá Gilla öllu venjulegu fólki. Þorgils var maður svo röskur að stundum stöðu logarnir upp úr skorsteini brennslunnar, sem fræðingum þótti ekki hollt, hvorki

skorsteini né umhverfi stöðvarinnar.

Þorbjörn Jóhannesson bæjarverkstjóri segir að starfsmenn bæjarins muni á næstu dögum vinna við að rífa niður hús stöðvarinnar og að því loknu verði sökklar og kjallari hennar urðaðir.

– hj@bb.is

**Fasteignasala**  
Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

---

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
Hafnarstræti 1 – Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: eignir@tg.is  
Heimasíða: www.tg.is

---

**Einbýlishús/rauhús:**  
Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldrí bilgeymslu. Fallgett útsýni. Verð 16,6 m.kr.  
Bakkavegur 8, Hnífsdal: 182 m² steinsteyppt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

---

**2ja herbergja íbúðir:**  
Pólgata 4: 76 m² tveggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjórþýlishúsi. Tilboð óskast  
Hlíf II Torfnes: 62,5 m² íbúð á 3. hæð, íbúðin snýr að Seljalandsvegi. Verð 7,5 m.kr.  
Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jarðhæð í nýuppgerðu fjórþýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

---

**Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:**  
Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og íböldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast

---

**Síðavik:**  
Vallargata 4: 86,2 m² nýlegt parhús úr timberi á einni hæð. Verð 6,2 m.kr.  
Nýjar íbúðir við Skógarbraut

---

**Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mög. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

---

**Skógarbraut 3 - íbúð 101:** 127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr.  
**Skógarbraut 3 - íbúð 102:** 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr.  
**Skógarbraut 3 - íbúð 201:** 151,8 m² 4ja herb. íbúð með geymslu/baðstofulofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr.  
**Skógarbraut 3A - íbúð 103:** 133 m² stór 3ja herb. íbúð á neðri h. í fjórþ. Verð 10,5 m.kr.  
**Skógarbraut 3A - íbúð 104:** 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinnangi. Verð 9,5 m.kr.  
**Skógarbraut 3A - íbúð 203:** 153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðstofulofti. Verð 11,5 m.kr.

---

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**



## Smáauglýsingar

Til sölu er Canon D60 myndavél (body) með rafhlöðugripi. Uppl. í síma 892 5362.

Kór eldri borgara á Akureyri syngur í Ísafjarðarkirkju föstudaginn 13. maí kl. 17:00. Aðgangur er ókeypis.

Þriggja mánaða gamall hvolpur, blendingur af Siberian Husky kyni fæst gefins. Hlýðinn og greindur, húsvanur, geltir ekki og nagar ekki. Nánari upplýsingar í síma 456 4586.

Aðalfundur Hestamannafélagsins Hendingar verður haldinn föstudaginn 13. maí kl. 20:00 í Guðmundarbrú. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

Hlíðarvegspúkar! Munið að taka frá laugardaginn 6. ágúst fyrir hið árlega Hlíðarvegspúkaþýtt. Nefndin.

Til sölu er Golf 1600 Comfort Line, árg. 99, ekinn 120 þús. km. Verð kr. 820 þús. Upplýsingar í síma 899 0756.

Til sölu er KIA Sportage Grand Wag. 5 dyra, sjálfst. Nýskráður 19.10.99. Einn eigandi frá upphafi. Gott viðhald. Ekinn 51 þús. km. Leitið frekari upplýsinga hjá Hauki í síma 456 3682 eða 896 3682.

Til sölu er lítið einbýlishús við Brekkugötu 10 á Þingeyri. Uppl. í síma 456 8339 og 456 8187.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1999. Gott eintak. Þjónustubók. Uppl. í síma 894 3655.

Til sölu er vel með farin uppþvottavél og frystiskápur. Upplýsingar í síma 893 4857.

Tveir páfagaukar fást gefins. Uppl. í síma 894 3050.

Óska eftir íbúð til leigu á Ísafirði. Uppl. í síma 896 4668.

Til sölu er barnavagn, burðarúm og kerra. Upplýsingar í síma 863 0263.

Óska eftir hundabúri fyrir íslenskan hund. Uppl. gefur Lóa í síma 456 3663 og 862 3679.

Til sölu er Toyota Corolla, touring, 18xli, 4x4, árg. 97, ekinn 142 þús. km. Sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 862 9868.

Fjórir litlir kettlingar fást gefins að Holtabrún 13 í Bolungarvík. Uppl. í síma 456 7443.

Til sölu er frystiskápur. Uppl. í síma 456 4383.

Til sölu er MMC Pajero GLS, 2,5 dísel, árg. 98, ekinn 175 þús. km. Uppl. í síma 895 0080.

Íslensk fjölskylda óskar eftir AU-pair til London frá sept. 05 í 4-10 mánuði til að gæta tveggja barna, 2 og 4 ára og að sinna léttum heimilisstörfum. Hafið samband á karenax@torg.is



Haldin var verkleg æfing á Ísafjarðarflugvelli.

# Starfsdagur lögreglu- og slökkviliðsmanna

Lögreglu- og slökkviliðsmenn á Ísafirði héldu sameiginlegan starfsdag fyrir stuttu með það að markmiði að kynna störfum hvers annars.

„Dagurinn gekk afskaplega

vel. Þetta er í annað sinn sem við höldum sameiginlegan starfsdag og upphaflega hugmyndin var sú að lögreglu- og slökkviliðsmenn fengju að kynna störfum og tækjabú-

aði hvers annars en nú hefur þetta þróast út í víðtækari kynningu“, segir Jón Svanberg Hjartarson lögregluvarðstjóri.

Tæknimenn lögreglunnar í Reykjavík héldu fyrirlestur um

brunavettvanga og umgengni bæði slökkviliðs- og lögreglumanna um þá með tilliti til rannsóknarhagsmuna og verna-



**Lögreglumenn fengu að spreya sig á slökkvistarfi undir leiðsögn slökkviliðsmanna.**

Skarfaskeri þar sem lögreglumenn fengu að spreya sig á slökkvistarfi með tilsögn slökkviliðsmanna. Þylsusveit Landhelgisgæslunnar kom til Ísafjarðar og fræddi mennina um umgengni við þylur, meðal annars móttöku þeirra á slysastað og í myrkri. Að því loknu var haldin verkleg æfing á Ísafjarðarflugvelli.

Um kvöldið haldin grillveisla í golfskálunum í Tungudal. „Við hittumst aftur um kvöldið og áttum saman skemmtilega stund. Ég held að menn hafi almennt verið mjög sáttir við daginn“, segir Jón Svanberg. Þess má geta að lögreglu- og slökkviliðsmenn á Ísafirði halda sameiginlegan starfsdaginn að eigin frumkvæði og í sínum frítíma. Stefnt er að því að gera daginn að árlegum viðburði.

– thelma@bb.is



Kveiktur var eldur í sorpbrennslustöðinni á Skarfaskeri.

## STAKKUR SKRIFAR

# Vegagerðin til fjandans?

Allir eru óánægðir þessa dagana. Það er merkilegt á mestu uppgangstímum lýðveldisins. Óánægjan sameinar fremur en ánægjan. Öfund og úlfúð eru ær og kýr íslensku þjóðarinnar. Erfiðara er að gleðjast með einhverjum en að vera ánægður og sérstaklega með velgengi annarra. Vestfirðingar eru því miður óánægðir með margt, ef ekki flest. Kvótinn fór, reyndar ekki af sjálfu sér. Strandamenn segja vegina hjá sér ónýta. Í Strandasýslu búa nú um 830 manns og er þá talið eftir lögheimilisskráningu, ekki raunverulegri búsetu, sem sennilega gefur minni fjölda íbúa. Bolvíkingar sem vildu endurbætur á Óshlíðarvegi vilja nú jarðgöng og Súðvíkingar líka. Allt er þetta skiljanlegt. Enda líta menn svo á að þetta kosti ekki neitt. Ríkið borgar!

Víðir Benediktsson vill segja upp sveitarstjórnarmönnum. Gott og vel. Vill hann ekki líka segja frá því í leiðinni hver afskipti hans af sveitarstjórnarmálum hafa verið áður fyrri? Hann vill þingmennina út líka. Bolvíkingar eiga tvo þingmenn þótt íbúanir séu ekki nema um 930. Einhvers staðar og einhvern tíma hefði það verið talið gott. En samt er óánægja og ber þar vegamál eft. Holt væri okkur Vestfirðingum að muna að við fáum þrátt fyrir allt drjúgan skerf af vegafé. Við viljum meira og erum ekki einir um það. Fyrir sunnan vilja menn líka meira. Gunnar I. Birgisson, þingmaður og verðandi bæjarstjóri í næst stærsta sveitarfélagi landsins leggur fram sína eigin sam-

gönguáætlun á Alþingi. Honum þykir naumt skammtað til höfuðborgarsvæðisins. Hann býr í Kópavogi næst fjölmennasta sveitarfélagi landsins með um 26 þúsund íbúa, sem líka þurfa að komast til og frá heimilum sínum. Af 200 þúsund bílum landsins eru 150 þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Segir það ekki nokkra sögu að 75% bíla landsins eru þar og 25% dreifast að öðru leyti á landsbyggðina.

Hvað skylda vera margir bílar á Vestfirðum. Gefum okkur að tveir íbúar séu um einn bíl og þá eru bílar hér vestra um það bil 3.850, sem væntanlega er vel ætlað. Vegir eru langir og ekki greiðfærir, en þeir eru líka fáfarnir. Og við viljum betri vegi, aðallega til að komast til Reykjavíkur. Þar í er kaldhæðni orlaganna fólgin. Hinir vilja betri vegi til að komast um Reykjavík og nágrenni og bílarnir okkar ná ekki 2% af heildinni. Við hljótum því að komast að því að veggerðin á Íslandi hafi brugðist með öllu. Hverju er um að kenna? Ekki er það Vegagerðin, þótt hún mætti taka sig á í stefnumótun vegagerðar á Íslandi.

Niðurstaðan er sú að allir eru óánægðir. Segir það eitthvað um pólitík á Íslandi almennt? Eða erum við kjósendur að bregðast. Við kjósum þessa menn og verðum að sætta okkur við þá, en hvað ætlum við að kjósa næst? Það er ekki svo auðvelt.

**Stakkur** hefur rífað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

# Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2005

verður haldinn í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði laugardaginn 21. maí kl. 12.00

## Dagskrá fundarins



LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings 2004
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Stjórnarkjör
6. Laun stjórnarmanna
7. Aldurstengt réttindakerfi
8. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
9. Önnur mál

Fundarinn er opin öllum greiðandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum. Gestir eru beðnir að staðfesta þátttöku sína í sínum 456 4233 fyrir 21. maí næst komandi.

## Upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2004 Mjög góð ávöxtun og batnandi tryggingafræðileg staða

### Tryggingafræðileg úttekt.

Talnakönnun hlf hefur gefið tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga miðað við árslok 2004. Áfallnar skuldbindingar tryggingaábyrgðar sjóðsins eru að fjárhæð kr. 15.901 millj. kr. í árslok miðað við 3,5% ársverði. Endurmetin hrein eign sjóðsins er að fjárhæð kr. 17.869 millj. kr. eða um 12,4% hæmi en áfallnar skuldbindingar hans. Áætluð heildarstaða sjóðsins er að fjárhæð 25.716 millj. kr., en áætlaðar heildarskuldbindingar eru að fjárhæð kr. 26.302 millj. eða neikvæð um 2,2%, en tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2003 var neikvæð um 3,6%.

### Tryggingafræðileg staða batnar milli ára vegna mjög góðrar ávöxtunar á árinu 2004

| Efthagsreikningar 31.12.2004     | Í þús. kr. | Fjárfestingar ársins 2004     | Í þús. kr. | Stuð. af heild | Kennitalur ársins 2004                   | Árs 2004 |
|----------------------------------|------------|-------------------------------|------------|----------------|------------------------------------------|----------|
| Festirgir                        | 36.000     | Verðmið af breytilegum hlutum | 5.264.000  | 33,1%          | Kennitalur samtryggingarvæðingar         | Árs 2004 |
| Verðmið af breytilegum hlutum    | 8.297.307  | Verðmið af fastum hlutum      | 4.900.021  | 30,9%          | Rauðvörðun                               | 12,79%   |
| Verðmið af fastum hlutum         | 8.297.308  | Nettó                         | 147.807    | 0,9%           | Hrein rauðvörðun                         | 12,80%   |
| Nettó                            | 963.312    | Samtals                       | 8.297.827  | 100,0%         | Skattafétt fyrir raunverðunum e.t. 6% af | 4,80%    |
| Fulnráðgjafi                     | 23.000     |                               |            |                | Kennitalur sem stuðul af eignum          | 0,44%    |
| Kostur                           | 494.712    |                               |            |                | Eignir umfram þjálfar skuldbindingar     | 12,40%   |
| Aðrar eignir                     | 207.854    |                               |            |                | Stofnmannafétt                           | 4        |
| Eignir samtals                   | 17.870.483 |                               |            |                | Eignir í val kr.                         | 60,1%    |
| Skuldir                          | 20.000     |                               |            |                | Eignir í val, gæðmiðum                   | 16,9%    |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 17.850.483 |                               |            |                | Fjátt lífeyrisþega                       | 1,92%    |
|                                  |            | Lífeyrigræðingar 2004         | Í þús. kr. | Stuð.          | Kennitalur Samgræðingar                  | Árs 2004 |
|                                  |            | Eldingeyri                    | 190.528    | 60%            | Rauðvörðun                               | 23,05%   |
|                                  |            | Övorkuldeyri                  | 146.139    | 47%            | Hrein rauðvörðun                         | 22,69%   |
|                                  |            | Makuldeyri                    | 48.849     | 15%            | Kennitalur sem stuðul af eignum          | 0,39%    |
|                                  |            | Samræðingeyri                 | 14.242     | 4%             | Eignir í val kr.                         | 60,20%   |
|                                  |            | Samtals                       | 409.758    | 133%           | Eignir í val, gæðmiðum                   | 6,80%    |
|                                  |            |                               |            |                | Fjátt lífeyrisþega                       | 0        |
|                                  |            | Ákalldeyri                    | 209.230    | 61,8%          |                                          |          |
|                                  |            | Stofnmannafétt                | 190.528    | 58,4%          |                                          |          |
|                                  |            | Samtals                       | 409.758    | 100,0%         |                                          |          |

| Þrátt yfir sjóðsreyri 2004         | Í þús. kr. |
|------------------------------------|------------|
| Óþrátt                             | 556.716    |
| Fjárfestingarhluti                 | 213.000    |
| Aðrir hluti                        | 1.809.444  |
| Sæld verðmið af breytilegum hlutum | 2.810.132  |
| Sæld verðmið af fastum hlutum      | 5.467.144  |
| Inngætt fjármagn ársins 2004       | 5.852.461  |



Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2004  
 Pétur Sigurðsson, Kristján Ó. Johannsson,  
 Bjarni L. Guðsson, Einar Víkur Kristjánsson  
 Framkvæmdastjóri Guðrún K. Guðmarsson

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 456 4233. Sími: 456 4233  
 Netfang: lifeyris@vestfir.com, www.lifeyris.com



● Hvað er að fréttá? • Páll Önundarson, bifreiðastjóri og áhugalljósmyndari með meiru á Flateyri

## Tónleikar á dönsku og þúrtvín

„Héðan frá Flateyri er allt ágætt að fréttá. Það var haldið blakmót kvenna á Flateyri á laugardag þar sem konur alla leið frá Patraksfirði og norður tóku þátt. Það er nú ekki á hverjum degi sem slík mót eru haldin.“

Þá var heldur betur skemmtileg uppákoma í

Vagninum á fimmtudag. Þar stigu á stökk Danir sem eru staddir á Flateyri á vegum Tónskáldafélagsins danska. Félagið er í samstarfi við Önfirðingafélagið í Reykjavík um nýtingu á Sólbakka 6. Danirnir fá sem sagt að gista í húsinu einhverjar vikur á ári og í staðinn halda þeir uppákomu á

Flateyri.

Þess vegna voru þessir bráðskemmtilegu tónleikar á Vagninum í síðustu viku sem allir fóru fram á dönsku. Siggí Björns kom einnig fram á tónleikunum og þetta var mikið stuð. Að tónleikunum loknum var drukkið þúrtvín og farið í pílukast.“



# mannlífíð

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
11. maí, 132. dagur ársins 2005

**Þennan dag** árið 1721 hófst Kötlugos með öflugum jarðskjálfta. Gosmökkurinn sást víða að og miklar drunur heyrðust norður í Eyjafjörð.

**Þennan dag** árið 1911 var Knattspyrnufélagið Valur stofnað í Reykjavík. Stofnendur voru 14 strákar.

**Þennan dag** árið 1949 var leikritið *Hamlet Danaprins* eftir William Shakespeare sýnt í fyrsta skipti á íslensku leiksviði, hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Lárus Pálsson lék Hamlet.

**Þennan dag** árið 1955 fékk Kópavogur kaupstaðarréttindi en Kópavogshreppur hafði verið greindur frá Sel-tjarnarnesi sjö árum áður.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 25 árum



## Kastaðist í gólfið meðan bíllinn sveif í loftinu

„Hér á sjúkrahúsinu liggur enn Sigurður B. Ringsted, öku- maður bifreiðarinnar sem fór út af Óshlíðarvegi síðastliðinn laugardag. Fréttamaður Morgunblaðsins hitti hann að máli í dag og leitaði fréttá af þessari miklu lífsreynslu hans, en það má teljast með ólíkindum, að hann komst lífs af úr óhappinu, svo ekki sé talað um það að hann er óbrotinn með öllu eftir að hafa flogið af vegi í 30 metra hæð yfir sjó niður í flæðarmál.“

Sigurður var hinn hressasti, en kvaðst ekki muna mikið hvað gerðist. Hann var að kom akandi af Ísafjarðarflugvelli eftir að hafa flogið milli Reykjavíkur og Þingeyrar, þar sem ekki hafði verið gefið að fljúga til Ísafjarðar í tvo daga. [...]

Þegar hann kom Steinsófaruhornið lagðist stýrið skyndilega til hægri og án þess að ráðrúm gæfist til nokkurra aðgerða þeyttist bíllinn fram af horninu.“

● Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**

Vestlæg átt, súld eða dálítill rigning vestantil á landinu, en bjartviðri austanlands. Hiti 8-17 stig.

**Horfur á laugardag:**

Vestlæg átt, súld eða dálítill rigning vestantil á landinu, en bjartviðri austanlands. Hiti 8-17 stig.

**Horfur á sunnudag:**

Norðaustlæg átt og skúrir eða slydduél, en skjáð með köflum og úrkomulítið vestanlands. Kólnandi veður.

**Horfur á mánudag:**


Norðaustlæg átt og skúrir eða slydduél.

● Spurning vikunnar

Telur þú að kröfugöngur á 1. maí skili árangri?

Alls svöruðu 432. – Já sögðu 80 eða 19% – Nei sögðu 324 eða 75% – Veit ekki sögðu 28 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



# Fengu færi á sýna stærðfræðigetuna

Nemendur í 9. bekk í Grunn-skólanum á Ísafirði tókust á við skemmtilegt hópverkefni á dögunum. Þeir áttu að smíða líkan af húsum og var skilyrði að einn úr hópnum væri íbúi hússins sem eftirmyndin var af. Afraksturinn var glæsileg þyrping húsa í smækkaðri mynd.

„Þeim var sett fyrir þetta verkefni í stærðfræði og áttu þau sjálf að finna hlutföllin. Þau fengu því tækifæri á að sýna stærðfræðigetuna sína og hvað þau hefðu lært í skólanum. Þeim var ekki sett fyrir dæmi sem þau áttu að reikna heldur þurftu þau að ráða fram úr þeim sjálf. Verkefnið var mjög skemmtilegt en þetta var mikil vinna. Nemendurnir fengu átta daga til að vinna verkefnið og þurftu sjálfir að finna út mælikvarðana. Þá





spreyttu þau sig á óhefðbundnum mælingum eins og speglunum og þríhyrningsmælingum. Einnig var þetta æfing í handverki og samvinnu. Við gerum svipuð verkefni á

hverju ári því það gefur nemendum færi á að nota stærðfræðina sem þau eru að læra.

Skilyrði var að húsið sem yrði fyrir valinu væri heimili

eins úr hópnum. Það gekk mjög vel og ungu arkitektarnir stóðu sig með þryði“, segir Jóna Benediktsdóttir, stærðfræðikennari ungu húsasmíðanna.



● **Borgin mín** · Halldór Hlööversson, íþróttakennari og fráfarandi forstöðumaður Gamla apóteksins


● **Vestfirskar þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

## Mikill sjarmi yfir Stokkhólmi

„Það er úr ýmsu að velja þegar nefna á uppáhaldsborgina og engin hefur svo sem verið útnefnd sem slík hjá mér. Ég vel samt Stokkhólmi að þessu sinni. Ástæðan fyrir því er að það ríkir svo mikill sjarmi yfir borginni og þá sérstaklega gamla bænum. Ég hef aðeins einu sinni



komið til Stokkhólms en þá dvaldi ég þar í nokkra daga. Mér fannst svo mikið koma til borgarinnar að ég væri alveg til í að endurtaka þessa ferð. Það er þó ekkert fastráðið hvenær en það væri gaman að koma aftur til Stokkhólms,“ segir Halldór Hlööversson, fyrrum forstöðumaður.



## Áhyggjur af makaleysi

Hrólfur Guðjónsson, bóndi í Heiðarþé í Steingrímsfirði, heimsótti Jón Gústa Jónsson, bónda í Steinadal, eitt sinn ekki fyrir löngu einhverra erinda. Eftir að erindinu var lokið settust þeir við eldhúsbordið og fékk Hrólfur kaffi og vel útlátan veitingar hjá Gústa. Skröfuðu þeir félagar margt. Þar kom að Hrólfur spurði Gústa hvernig stæði á því að Guðbrandur Björnsson, Brandur á Smáhörmum, væri ekki búinn ná sér í konu, rúmlega fimmtugur maðurinn. Svo virðist nefnilega að allir hafi áhyggjur af makalausum fólki nema það sjálft. Gústi leit á Hrólf og spurði: Vildir þú vera konan hans?

● **Starfið mitt** · Skúli S. Ólafsson, forstöðumaður SKóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

# Langaði til að bæta í reynslusarpinn

Ég hef verið forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar í tæpan meðgöngutíma, eða 8 mánuði. Í starfinu felst yfirstjórn þriggja málaflokka í sveitarfélaginu: skólamála (grunn- og leikskólur), félagsmála (þ.m.t. barnavernd, öldrunarmál og félagsleg aðstoð) og íþrótt- og tómstundamála. Unnið er í samvinnu við starfsmenn skrifstofunnar og forstöðumenn einstakra stofnana bæjarins. Þá er unnið með pólitískum nefndum sem fjalla hver um sitt svið.

Dæmigerður starfsdagur hefst oftast kl. átta með því að tölván er ræst. Meðan hún er að koma sér í gang laga ég rötsterkt kaffi handa sjálfum mér í forlátri kaffivél. Það sem kemur í framhaldi af því er æði margbreytilegt og má segja að dæmigerður starfsdagur sé fyrst og fremst fjölbreyttur. Ef um er að ræða dæmigerðan mánuðag er líklega sviðsstjórafundur sem stendur frá 8:30 til 10:30 og fer bæjarstjóri þá yfir helstu mál með bæjarritara, fjármála- stjóra, bæjartækni- og hafnarstjóra ásamt mér. A

þriðjudagsmorgnum sit ég gjarnan teymisfund með félagsmála- og barnaverndar- ráðgjafa og tókum við fyrir einstaklingsmál sem þarf að afgreiða. Fjölmargir aðrir fundir fara fram á dæmigerðum vinnudögum. Starfsmenn hittast í tíma og ótíma og bera saman bækur sínar, formenn nefnda mæta í heimsókn og fara yfir þau mál sem tekin verða fyrir á næsta fundi, forstöðumenn og starfsmenn einstakra stofnana og deilda koma gjarnan í heimsókn og loks er stöðugur straumur bæjarbúa inn á gólf skrifstofunnar með mál sem þarf að ræða. Á milli funda er snattast í ýmsu stóru og smáu. Undanfarið hefur verið unnið að stefnumótun með nefndum og hefur sú vinna tekið nokkurn tíma. Stundum kvikna misgóðar hugmyndir og er þá brýnt að hripa þær niður á blað áður en þær hverfa í djúp gleymiskunnar. Tilfallandi verkefni geta líka tekið tíma og orku. Vinna við umsókn um aðild Ísafjarðarbæjar að Evrópski hefur tekið ótrúlegan tíma og kostað mörg símtöl og tölvuskeyti. Nú liggur fyrir



að Gamla apótekið verður upplýsingamiðstöð ESB fyrir ungt fólk á Íslandi og mun miðla upplýsingum frá Brussel til íslenskra ungmenna á sviði menntunar, styrkja og vinnu. Dæmigerður vinnudagur hefur ekki liðið án þess að þeim málum hafi verið sinnt. Nú tekur við undirbúningur á útbóði á rekstri mótuneyta fyrir GÍ sem mun vafalaust auka enn við þá þjónustu sem bæjarbúar njóta.

Þá sit ég a.m.k. vikulega fundi einhverri af þeim pólitískum nefndum sem leggja línurnar í málaflokkum skrifstofunnar. Starfið er skemmtilegt, fjölbreytt og krefjandi. Verksvið sveitarfélaga stækka sífellt og er mikill fengur í því að hafa fengið innsýn í mikilvæga málaflokka á því sviði. Ég reikna með því að ég haldi áfram að læra hér eitthvað nýtt allt fram á síðasta starfsdag

minn hér sem verður 1. september n.k. Ástæðan fyrir því að ég fór út í núverandi starf er sú að þegar staðan var auglýst vaknaði löngun til að breyta ræki- lega til í ákveðinn tíma og takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem talin voru upp í starfsauglýsingunni. Mig langaði til að bæta þarna aðeins í reynslusarpinn,“ sagði Skúli S. Ólafsson.

● **Brennslan mín** · Anna Sigríður Ólafsdóttir, umsjónarmaður skemmtiskipadeildar Vesturferða á Ísafirði

## „Tvær stjórnur“ mest sungna lagið í sturtunni

Hér koma tíu af uppáhaldslögum mínum. Þar kennir ýmissa grasa allt frá Karlaðkórnum Erni til Tori Amos. Ég hefði þó viljað velja eitt aukalag sem er Poke a pal með Mugison. Ástæðan fyrir því að allir elska Mugison (sem er að sjálfsögðu einkaeign Ísa- fjarðar), er að hann er bara svo góður.

**1. Marianne – Tori Amos**  
Tori Amos er mitt stærsta uppáhald. Hún hefur það allt. Gullfalleg, snilldar laga- & textahöfundur, syngur eins og engill og getur sannarlega rokkað á pianó. Þetta lag eins og hvert annað, aðeins meira þó þar sem það varð fyrir valinu.

**2. Svefnljóð – Vilhjálmur Viljálms- son**  
Fyrsti uppáhaldssöngvar- inn minn, grét hér um bil allt

fimmta aldursárið mitt yfir því að hann skyldi vera dáinn, þá voru nú liðin tvö ár frá andláti hans en ég held að ég hafi fyrst meðtekið hvað það þýddi að deyjja þarna þegar ég hlustaði ítrekað á þennan besta söngvara okkar Íslend- inga fyrr og síðar. Fallegt, tregafullt og angurvært lag þar sem röddin hans hljómbýða nýtur sín einstaklega vel.

**3. Famous blue raincoat – Leonard Cohen**  
„Gula platan“, æðisleg plata. Þetta lag hrjúft og ljúft.

**4. Brennibjöld vitar – Karlaðkórinn Ernir**  
Stórkostlegt lag, hafið fangað. Rosalega dramatískt og íslenskt, ég finn svo vel fyrir Íslandi og krafti þess þegar ég heyri þetta lag og fyllist stolti yfir því að vera ábúandi á þessari eyju norður

á hjara veraldar þar sem við lifum þann sannleika að við erum undir geðþótta höfuð- skepnanna sett.

**5. Volcano – Damien Rice**  
VÁ! Diskurinn „O“ gerði mig gjörsamlega orðlaus. Ég held ég hafi hlustað á hann þrisvar í röð eftir að ég fékk hann fyrst í hendurnar og það eina sem ég náði að gera á meðan var að anda. Þetta lag af honum í mestu uppáhaldi þessa stundina.

**6. Vorið kom – Haukur Morthens/Nini De Jesus**  
Ég er alger sökker fyrir þessari gömlu fallugu tónlist. Þetta lag eftir Jóhann Helgason finnst mér einstaklega fallegt og ég verð öll mild innan í mér þegar ég heyri það.

**7. Síðasta blómið – Bubbi Morthens**  
Bubbi Morthens varð að fara

á þennan lista, maðurinn á heiðurinn af því að ég komst í gegnum unglingsárin. Drakk í mig tónlistina hans og þá ekki minna textana, Bubbi er mjög finn textahöfundur og kannski kaldhæðnislegt að velja þá þetta ljóð eftir James Thurber. Ljóðið er í miklum metum hjá mér. Vinkona mín töfraði fram bókina, sem er ljóðið myndskreytt í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar eftir að ég hafði leitað að henni í tíu ár.

**8. Tvær stjórnur – Megas**  
Meistarinn verður líka að vera, sérstaklega þar sem ég fór nú að tala um Bubba. Eins og alþjóð veit þá er maðurinn auðvitað snillingur. Þetta lag, ástin og þráhyggjan í öllu sínu veldi. Sennilega mest sungna lagið í sturtunni hjá mér.

**9. Rose rouge – St. Germain**  
Elektró jazz af bestu gerð



**Anna Sigríður Ólafsdóttir.**

sem gefur fótunum sjálf- stætt líf, þar sem ég vil bara dansa þegar ég heyri það.

**10. Glory Box – Portishead**  
Feminískt lag um að gefast upp fyrir því að vera einhver annar en maður sjálfur. Platan Dummy er sérdeilis kynþokkafull!

● **Sportlið í beinni**

**Skjáreiðinn:**  
Miðvikudagur 11. maí:  
Kl. 19:00 – Enski boltinn:  
Arsenal – Everton.

Sunnudagur 15. maí:  
Kl. 14:00 – Enski boltinn:  
Newcastle – Chelsea

**Syn:**  
Föstudagur 13. maí:  
Kl. 01:30 – NBA boltinn:  
Dallas – Phoenix.

Laugardagur 14. maí:  
Kl. 11:05 – Enski boltinn:  
West Ham – Ipswich  
Kl. 17:50 – Spænski boltinn:  
Sevilla – Real Madrid  
Kl. 19:50 – Spænski boltinn:  
Levante – Barcelona.

Sunnudagur 15. maí:  
Kl. 12:50 – Ítalski boltinn:  
Juventus – Parma.  
Kl. 22:00 – NBA boltinn:  
Úrslitakeppnin.

Mánudagur 16. maí:  
Kl. 18:55 – Íslenski boltinn:  
Keflavík – FH

Þriðjudagur 17. maí:  
Kl. 19:40 – Íslenski boltinn:  
Fylkir – KR.

● **Kirkja**

**Hnífsdalskapella:** Messa á hvítasunnudag kl. 11:00.

**Ísafjarðarkirkja:** Messa á hvítasunnudag kl. 14:00.

**Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:** Messa á hvíta- sunnudag kl. 15:30.

**Flateyrarkirkja:** Ferming- arguðsþjónusta á hvíta- sunnudag kl. 14:00.

Fermd verða Auður Ósk Hálfhánsdóttir, Linda Björg Guðmundsdóttir og Stefán Hannibal Hafberg.

**Holtskirkja:** Fermingar- guðsþjónusta 2. hvíta- sunnudag kl. 14:00.

Fermd verður Hrefna Erlinda Valdemarsdóttir.

● **Stuttar fréttir**

**Víða malbikað**

Nokkuð verður um malbik- unarframkvæmdir á Ísafirði

og í Hnífsdal á komandi sumri. Malbikað verður í

Mánagötu, Mjallargötu, Pólgötu, Skipagötu og á

hluta Sundstrætis og Austurvegar. Þá verða

malbikaðar götur í nýju íbúðahverfi á Tunguskeiði

og á Bakkavegi og Garða- vegi í Hnífsdal, auk við- gerða hér og þar um

bæinn.





## Sr. Magnús fær ársleyfi

Sr. Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði hefur fengið námsleyfi í nýu mánuði og mun dvelja í Reykjavík frá næsta hausti og fram á vor. Hann hyggst þar vinna við mastersritgerð um Maríuguðspjallið. Ekki er afráðið hver leysir séra Magnús af en samkvæmt heimildum blaðsins hefur verið rétt við séra Skúla S. Ólafsson um að hann taki starfið að sér. Séra Skúli hefur undanfarna mánuði gegnt starfi forstöðumanns skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.



## Fyrirhuguð sameining Rarik, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða

# Hefur væntanlega lítil áhrif á starfsfólk Orkubús Vestfjarða

Fyrirhuguð sameining Rarik, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða mun eins mál standa lítil áhrif hafa á starfsfólk fyrirtækjanna og starfsmenn munu áfram sinna sínum daglegu störfum þrátt fyrir breytingar. Þetta kom fram í skýrslu Kristján Haraldssonar orkubússtjóra á aðalfundi Orkubús Vestfjarða á miðvikudag í síðustu viku.

Í máli hans kom fram að undirbúningur sameiningar-

innar væri hafinn og að ráðamenn fyrirtækjanna hefðu hist og rétt hvernig best verður staðið að væntanlegum samruna. „Þessir fundir hafa verið með vilja og vitund eigenda fyrirtækjanna. Endanleg niðurstaða er ekki fengin en telja má víst að lagt verði til að stofnað verði sérstakt eignarhaldsfélag sem taki við eignunum“, sagði Kristján í skýrslu sinni og að undir þessu eignarhaldsfélagi sem verður móður-

félag starfi nokkur sjálfstæð hlutafélög m.a. Orkubú Vestfjarða.

Hann dró saman þær áherslur sem hann taldi varða mestu við undirbúning samrunans frá sjónarhóli Orkubúsins. „Ég tel mjög mikilvægt að skýrt komi fram að fyrirtækin starfi áfram sem sjálfstæð hlutafélög og að þau sinni áfram þeirri starfsemi sem þau sinna nú. Núverandi starfsmenn verða því áfram starfsmenn viðkomandi

fyrirtækis þó verkefnið sem af hendi eru leyst kunnir að vera unnin fyrir önnur fyrirtæki. Allar framleiðslueiningarnar, þar með taldar díselvélar, eigi að vera undir stjórn orkuvinnslufyrirtækisins. Þetta getur gerst hvort heldur með sölu eða leigu þessara eigna. Daglegum rekstri verði sinnt af þeim sem honum sinna nú skv. samningi milli aðila þar um. Ræða þarf fyrirkomulag, velja sölukerfi og tryggja að fyrir-

tækið reki öflugan starfsemi á landsbyggðinni. Öflug starfsemi á landsbyggðinni verður best tryggð með þjónustusamningum við dreifiveiturnar. Að mínu mati er hlutafélagið af hátt ef fyrirtækið á að fara að skila arði af því. Nauðsynlegt er að skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að færa hlutafélagið niður“, sagði Kristján Haraldsson, orkubússtjóri m.a. í skýrslu sinni.

– hj@bb.is

## Handteknir með fíkniefni

Í síðustu viku handtók lögreglan á Ísafirði tvo karlmenn sem voru að koma akandi á tveimur bílum innan úr Djúpi á leið til bæjarins.

Karlmennirnir, sem báðir hafa áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála, voru handteknir og framkvæmd var leit á þeim og í bílum þeirra. Við leit í bifreið annars mannsins fundust rúmlega 7 grömm af kannabísefnum. Fíkniefnaleitarhundurinn Dofri aðstoðaði lögregluna við leitina. Mál mannsins sem efnin fundust hjá verður sent lögreglustjóra til sektarmedferðar innan tíðar.



Mildi þykir að bíllinn hafi ekki brunnið.

## Ísafjörður Skemmdir unnar á tveimur steypubílum

Farið var inn í tvo steypubíla sem stóðu við tilvondandi steypustöð Ásels á Suðurtanga og unnar skemmdir á þeim báðum. Brotin var rúða í öðrum bílum og kveikt í skjölum í hanskahólfi hins. Þykir mildi að bíllinn sjálfur hafi ekki brunnið. Málið er í rannsókn og er þeim sem upplýsingar gætu haft um það bent á að hafa samband við lögregluna á Ísafirði. – halfdan@bb.is

## Útgerðar- og rækjufyrirtækið Frosti hf., í Súðavík

# Hagnaðist um 1,8 milljónir króna á síðasta ári

Rekstrarhagnaður Frosta hf. í Súðavík nam 1,8 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningum félagsins sem kynntir voru í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í síðustu viku. Fyrirtækið var stofnað á síðasta ári og rekur rækjuvinnslu og útgerð í Súðavík en sá rekstur tilheyrði áður Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. í Hnífsdal sem er stærsti hluthafi hins nýja félags ásamt Súðavíkurhreppi.

Rekstrartekjur Frosta hf. á

síðasta ári voru tæpar 545,9 milljónir króna. Rekstrargjöld námu tæpum 495,3 milljónum króna. Afskriftir námu 14,5 milljónum króna og var því rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld og skatta 36,1 milljónir króna. Fjármagnsgjöld voru 33,9 milljónir króna og hagnaður fyrir skatta því 2,2 milljónir króna. Tekjuskattur er um 400 þúsund krónur og hagnaður því 1,8 milljónir króna.

Í árslok 2004 voru langtíma-

skuldir félagsins 410,2 milljónir króna, skammtímaskuldir voru 335,4 milljónir króna og aðrar skuldbindingar voru 61,4 milljónir króna. Heildarskuldir voru því rúmar 807 milljónir króna. Veltufjármunir fyrirtækisins í árslok voru 233 milljónir króna þar af afurðabirgðir um 80 milljónir króna. Eigið fé félagsins var í árslok tæpar 402 milljónir króna.

Meðal starfafjöldi hjá félaginu var 42 og launagreiðslur 122,8 milljónir. – hj@bb.is



Frosti hf. í Súðavík.